



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ  
www.studlaberg.is  
s. 420-4000



# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 8. MAÍ 2024 // 19. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Heldur til í Svartsengi  
og bíður eftir gosi

Bílstjórinn Sigurbjörn Arnar Jónsson á sitt annað heimili í Svartsengi um þessar mundir. Hann stendur neyðarvakt allan sólarhringinn og er með tiltækan strætisvagn til að flytja á brott hótél- og baðgesti Bláa lónsins. Sigurbjörn gistir á Silica hótelinu og hefur síðasta vakt staðið yfir frá því á sumardaginn fyrsta. Víkurfréttir kíktu í heimsókn til kappans og ræddu við hann um starfið en það er mögulega einföldun á starfslýsingunni en Sigurbjörn hefur það starf þessa dagana að bíða eftir eldgosi. Viðtalið er á síðum 11-12 í blaðinu í dag. Viðtalið má einnig sjá í Suðurnesjamagasíni Víkurfrétt á föstudaginn. VF/Hilmar Bragi Bárðarson

## Grindavík undirbýr fækkun starfsfólks

Í ljósi aðstæðna er Grindavíkurbæ nauðgur einn sá kostur að gera grundvallarbreytingar á sínum rekstri, lækka kostnað og laga starfsmannahald að nýjum veruleika. Þannig sé óumflýjanlegt að fækka starfsfólki, leggja niður störf og/eða lækka starfshlutfall þvert á stofnanir og þjónustueiningar bæjarins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá bæjarstjórn Grindavíkurbæjar, sem hefur falið bæjarstjóra að undurbúa fækkun starfsfólks bæjarins í samráði við hagaðila í samræmi við lög um hópuppsagnir.

Launagreiðslur eru langstærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins og lætur nærri að launakostnaður sé um 50% af tekjum bæjarins. Það er mat bæjarstjórnar að í ljósi aðstæðna sé Grindavíkurbæ nauðgur einn sá kostur að gera grundvallarbreytingar á sínum rekstri, lækka kostnað og laga starfsmannahald að nýjum veruleika. Þannig sé óumflýjanlegt að fækka starfsfólki, leggja niður störf og/eða lækka starfshlutfall þvert á stofnanir og þjónustueiningar bæjarins.

Nánar má lesa um þetta á vef Víkurfréttar, vf.is.

## Besta rekstrarniðurstaða hjá Reykjanesbæ um langt skeið

Ársreikningur Reykjanesbæjar var samþykktur í seinni umræðu á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar þriðjudaginn 7. maí. Jákvæð rekstrarniðurstaða A-hluta bæjarsjóðs nam 1.453 milljónum króna en 2.440 milljónum króna í samanteknum ársreikningi.

Í tilkynningu frá Reykjanesbæ kemur fram að aukid veltufé frá rekstri var nýtt til nauðsynlegrar innviðaupbyggingar vegna mikillar fjölgunar íbúa síðustu árin og í ýmis viðhaldsverkefni vegna

rakaskemmda. Fjárfestingar námu 4.965 milljónum króna í A-hluta bæjarsjóðs og 7.713 milljónum króna í samanteknum ársreikningi A og B hluta.

Aætlun ársins með viðauka gerði ráð fyrir 707 milljónum króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu bæjarsjóðs og er þetta því mun betri niðurstaða en gert var ráð fyrir. Munar þar mest um hærri útsvarstekjur en áætlað var enda sé það stefna Reykjanesbæjar að áætla tekjur hóflega.

Nú er unnið að margvíslegri uppbyggingu á vegum sveitarfélagsins, m.a. byggingu íþróttahúss og sundlaugar við Stapaskóla auk tveggja tveggja leikskóla sem ráðgert er að taka í notkun síðar á árinu. Þá segir í tilkynningunni að skatttekjur og framlög úr jöfn-

unarsjóði námu 919 þúsund króna á hvern íbúa á árinu 2023 í stað 848 þúsund króna á árinu 2022. Skuldaviðmið A-hluta bæjarsjóðs skv. reglugerð 502/2012 er 87,74% og samstæðu A- og B-hluta 105,96% og hefur lækkað frá árinu 2022.



Horft yfir Reykjanesbæ á fallegum vordegi. VF/Hilmar Bragi Bárðarson

**nettó**

8.-12. maí

<p>KJÖTSEL</p> <p>50%</p> <p>BBQ-grisaríf</p> <p>850 kr/kg</p> <p>1.699 kr/kg</p>	<p>KJÖTSEL</p> <p>40%</p> <p>Grisakinnar í kryddlegi</p> <p>959 kr/kg</p> <p>1.599 kr/kg</p>	<p>KJÖTSEL</p> <p>38%</p> <p>Hamborgarar með brauðum, 4x90 g</p> <p>999 kr/pk</p> <p>1.599 kr/pk</p>
---	--	--

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM





## BARÁTTUFUNDUR Á 1. MAÍ Í STAPA

Stéttarfélagin á Suðurnesjum buðu til baráttufundar í Stapanum á 1. maí. Það er fyrsti baráttufundurinn þar frá því í Covid-faraldrinum. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá og kaffihlaðborð í anda dagsins. Meðfylgjandi myndir voru teknar í Stapanum.



# Verðum að halda í vonina og hjartarsýnina

- Frumvarp lagt fram um sérstaka framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur.
- „Jákvætt fyrir Grindvíkinga,“ segir Ásrún Helga, forseti bæjarstjórnar.



Ríkisstjórnin samþykkti í síðustu viku að leggja fram á Alþingi lagafrumvarp Svandísar Svavarsdóttur innviðaráðherra

um að stofnuð verði sérstök framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkurbæjar vegna jarðhræringa og áhrifa þeirra á byggð og samfélag. Í frumvarpinu sem var lagt fram í upphafi vikunnar er lagt til að nefndin fari með stjórn, skipulagningu og samþættingu aðgerða, tryggji skilvirka samvinnu við sveitarstjórn og opinbera aðila og hafi heildaryfirsýn yfir málefnum Grindavíkurbæjar.

Frumvarpið er unnið í samstarfi við bæjarstjórn Grindavíkur sem óskaði eftir samstarfi um tilhögun og stjórnarfyrikomulag verkefna við óvenjulegar aðstæður vegna jarðhræringa í Grindavík. Lagt er til að framkvæmdanefndin starfi

tímabundið og að lögin falli úr gildi við næstu sveitarstjórnarkosningar árið 2026.

„Tilgangurinn með sérstakri framkvæmdanefnd er að skapa skýra umgjörð um verkefni framundan og tryggja úrlausn þeirra. Meginmarkmiðið er að samfélag Grindavíkinga geti dafnað og að hlúa að íbúum bæjarins til framtíðar,“ sagði Svandís Svavarsdóttir innviðaráðherra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að framkvæmdanefnd um málefni Grindavíkur verði fjölskipað og sjálfstætt stjórnvald sem hafi með höndum fjölbætt verkefni sem snúa að úrlausnarefnum sem tengjast jarðhræringunum við Grindavík. Með því að setja sérstök lög um starf framkvæmdanefndarinnar er hlutverk og umboð nefndarinnar skýrt. Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar mun áfram fara með stjórn sveitarfélagsins, starfsmannahald og bera ábyrgð á og hafa fullt fjárstjórnunarvald yfir lögbundnum og ólögbundnum verkefnum, sem

framkvæmdanefnd eru ekki falin sérstaklega.

Framkvæmdanefndin verður skipuð þremur einstaklingum og tekur til starfa við gildistöku laganna. Innviðaráðherra skipar einn fulltrúa, sem jafnframt verður formaður, mennta- og barnamálaráðherra einn og dómsmálaráðherra einn.

Ásrún Helga Kristinsdóttir, forseti bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar segir bæjarstjórnina í baráttuhug, halda verði í hjartarsýnina og vonina. Grindavíkurbær geti ekki veitt sömu þjónustu og áður. Ekki verður skólahlald á vegum Grindavíkurbæjar næsta vetur og margar byggingar bæjarins þarfnist viðgerðar. Frumvarpið sé jákvætt fyrir Grindvíkinga. Hún segir frumvarp innviðaráðherra fela í sér mikilvæg markmið um að vinna að farsæld Grindvíkinga óháð búsetu þeirra. Skýr markmið, samþætting og trygg fjármögnun séu lykilforsendur sem frumvarpið eigi að tryggja.

## Góð afkoma HS Orku árið 2023

Rekstur HS Orku gekk vel á árinu 2023 og var afkoma góð þrátt fyrir áskoranir af völdum náttúruvárs á síðasta ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu um þrettán milljörðum króna og hækka um 22% á milli ára. Munar þar mestu um aukna raforkusölu á hinum almenna markaði með meiri eigin framleiðslu og aukinni sölu upprunaábyrgða. Fjárhagsstaða félagsins er sterk og nam eigið fé 31,5 milljörðum í árslok og eiginfjárhlutfall er 42%.



2023 samanborið við 4.591 milljón króna árið áður og hækkar því um 32% á milli ára.

Hagnaður fyrir skatta nam 1.784 milljónum króna á árinu 2023, samanborið við hagnað fyrir skatta að fjárhæð 87 milljónir árið 2022. Fjármagnsliðir setja verulegt mark á liðinn í samanburði á milli ára en í stórum dráttum skýrist breytingin annars vegar af hagfelldri gengisþróun íslensku krónunnar á árinu 2023, gengishagnaður nam 1.019 milljónum króna samanborið við gengistap 1.807 milljónum króna árið áður og hins vegar af auknum vaxtagjöldum samhliða herra vaxtastigi og fjárfestingum.

„Við erum stolt af afkomu ársins 2023 en HS Orka sýndi styrk sinn svo um munar á árinu þrátt fyrir aðsteðjandi náttúruvá. Styrkurinn speglast annars vegar í kaupum á Fjarðararvirkjunum og umfangsmikilli uppbyggingu í Svartsengi og hins vegar í skjóttum viðbrögðum og aðlögunarhæfni félagsins í kjölfar jarðhræringanna við Sundhnúsgíg. Upp úr stendur gott samstarf við almannavarnir og aðra viðbragðsaðila í kjölfar elds-umbrota í Fagradalsfjalli í mars 2021, sem skilaði sér m.a. í skjótri uppbyggingu varna fyrir byggð í Grindavík og samfélagslega mikilvæga innviði í Svartsengi.“

Frá upphafi jarðhræringanna hefur orkuvinnsla félagsins á Reykjanesi verið órofin en frá reikningssskiladegi hafa fleiri áskoranir blasað við. Fjórða eldgosið við Sundhnúsgíg stendur yfir, hraun rann yfir mikilvægar stofnæðar og flytja hefur þurft stóran hluta af starfsemi félagsins úr Svartsengi. HS Orka stendur engu að síður á styrkum stöðum sem gera félaginu kleift að takast á við slíkar áskoranir samhliða því að vinna áfram að metnaðarfullum þróunarverkefnum í orkuvinnslu og sjálfbærni,“ segir Tómas Sigurðsson, forstjóri HS Orku.

Alls fjárfesti HS Orka fyrir tæpa ellefu milljarða króna á árinu, annars vegar til frekari innviðauppbýggingar á Reykjanesi og hins vegar með kaupum á Íslenskri Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf. (ÍOVS) en félagið á og rekur tvær vatnsaflsvirkjanir í Fjarðará í Seyðisfirði. Kaupin á ÍOVS voru fjármögnuð að stærstum hluta með hlutafjárhækkun beggja hluthafa.

Framkvæmdir við stækkun og endurbætur orkuversins í Svartsengi hófust af fullum krafti á árinu en fyrsta skóflustungan að þessu

stóra innviðaverkefni var tekin í árslok 2022. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður ríflega tólf milljarðar króna.

Eldsubrot og jarðhræringar á síðari hluta árs 2023 höfðu óveruleg áhrif á afkomu og orkuvinnslu HS Orku á árinu. Framkvæmdir við stækkun og endurbætur í Svartsengi lágu niðri um tíma vegna jarðhræringa en vel hefur gengið að vinna upp seinkun sem af því hlaut.

Rekstrarhagnaður (EBITDA) var 6.037 milljónir króna árið

Allt hreint  
Umhverfissvottuð ræstingarpjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

AÐALSAFNAÐARFUNDUR  
KEFLAVÍKURSÓKNAR OG  
KIRKJUGARÐA KEFLAVÍKUR 2024

verður haldinn þriðjudaginn 14. maí 2024 klukkan 17:30  
í Kirkjulundi, safnaðarheimili Keflavíkurkirkju.

Dagskrá fundarins: Almenn aðalfundarstörf

Sóknarnefnd Keflavíkurkirkju  
og Kirkjugarðanefnd Kirkjugarða Keflavíkur



Keflavíkurkirkja



KIRKJUGARÐAR  
KEFLAVÍKUR



# Helgihald í Reykjanesbæ

## 9. maí Uppstigningardagur kl. 11

Hátíðarmessa í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Eldey, Kór eldri borgara á Suðurnesjum syngur undir stjórn Rafns Hlíðkvist Björgvinssonar, organista. Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir þjónar.

## 12. maí Fjölskyldufjör í Ytri-Njarðvíkurkirkju kl. 11

Bangsablenessun, þrautabraut, dans og ís. Umsjón hafa Halla Marie Smith, Rafn Hlíðkvist Björgvinsson og sr. Helga Kolbeinsdóttir.

## 12. maí Kvöldmessa í Keflavíkurkirkju kl. 20

Sönghópurinn Vox Felix syngur undir stjórn Rafns Hlíðkvist Björgvinssonar, kórstjóra. Sr. Helga Kolbeinsdóttir þjónar.

## 19. maí Hvítasunnudagur kl. 20

Hátíðarmessa í Kirkjuvogskirkju. Kór Keflavíkurkirkju syngur við orgelleik Arnórs Vilbergssonar, organista. Sr. Erla Guðmundsdóttir þjónar.

## 20. maí Annar í hvítasunnu kl. 20

Mótorhjólamessa fyrir alls konar fólk og farartæki í Keflavíkurkirkju. Dúettinn Heiður leikur og syngur. Sr. Fritz Már Jörgensson þjónar.

## 26. maí U2 messa í Keflavíkurkirkju kl. 20

Kór Keflavíkurkirkju syngur U2 lög við íslenska bænatekta samda af kórfélögum við stjórnun og orgelleik Arnórs Vilbergssonar, organista. Sr. Fritz Már Jörgensson þjónar.

## 26. maí Tónlistarmessa í Ytri-Njarðvíkurkirkju kl. 20

Kór Njarðvíkurkirkju syngur undir stjórn Rafns Hlíðkvist Björgvinssonar. Sr. Baldur Rafn Sigurðsson þjónar.





Byggðasafnið á Garðskaga verður opið alla daga í sumar frá klukkan 10 til 17.



## Starf í móttöku

Sjúkráþjálfun Suðurnesja óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku.

Um er að ræða fullt starf og eru meginhlutverk starfsins að taka á móti og eiga samskipti við skjólstæðinga stofunnar. Við leitum að einstaklingi til starfa sem hefur gott viðmót og er tilbúinn að starfa með samhentum og metnaðarfullum starfsmannahópi sem hefur m.a. það að leiðarljósi að skjólstæðingum okkar líði vel að koma til okkar.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Móttaka og samskipti við skjólstæðinga
- Afgreiðsla umsókna/beiðna frá læknum
- Símsvörðun auk almennra skrifstofustarfa
- Ýmis önnur verkefni samkvæmt ákvörðun yfirmanns

### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Mjög góð íslenskukunnátta og góð enskukunnátta
- Kunnátta í pólsku er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð þjónustulund og jákvæðni

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. júní nk. og er um framtíðarstarf að ræða.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi VR. Umsóknir berist á netfangið: [sjuksudstarf@gmail.com](mailto:sjuksudstarf@gmail.com) og er umsóknarfrestur til 15. maí nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Björg Hafsteinsdóttir ([bjorgh@simnet.is](mailto:bjorgh@simnet.is)) og Falur Helgi Daðason ([falurd@simnet.is](mailto:falurd@simnet.is))



## Hugur, heimili og handverk á Garðskaga

Byggðasafnið á Garðskaga hefur opnað nýja sýningu, Hugur, heimili og handverk Suðurnesjanna. Tanja Halla Önnudóttir er hönnuður og sýningarstjóri og Þórarinn Magnússon, sem hefur umsjón með vélasafninu, sá um smíðar og framkvæmdu þau í sameiningu alla uppsetningu sýningarinnar í samvinnu við ýmsa aðra. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja styrkti gerð sýningarinnar. Byggðasafnið á Garðskaga á myndarlegt safn af saumavélum sem er sýnt í handverkshluta sýningarinnar. Þar naut safnið aðstoðar Fab Lab Suðurnes við að útbúa merkingar við allar saumavélarnar.

Það voru hjónin Ásgeir Hjálmarsson og Sigurjóna Guðnadóttir sem opnuðu sýninguna. Ásgeir stofnaði byggðasafnið á sínum tíma og var fyrsti forstöðumaður þess. Sigurjóna er dóttir Guðna Ingimundarsonar, en vélasafnið á byggðasafninu kemur úr fórum hans, ásamt bláa truknum sem allir Garðmenn þekkjá.

Byggðasafnið á Garðskaga verður opið alla daga í sumar til 30. september frá kl. 10 til 17 og enginn aðgangseyrir er að safninu. Þá verður safnið einnig opið alla hátíðisdaga eins og uppsjögnardag, hvítasunnuhelgina, þjóðhátíðardaginn og verslunarmannahelgina. Í vetur verður opið fyrir hópahéimssóknir og safnahelgi er í október.

Hluti af sýningunni Hugur, heimili og handverk Suðurnesjanna var samstarf við tónlistarskólana í Suðurnesjabæ. Tónlistarskólann í Garði og Tónlistarskólann í Sandgerði komu að verkefninu með kennurum og nemendum. Unnin var hljóðupptaka, þar sem hljóð úr hinum ýmsu áhöldum og tækjum byggðasafnsins voru tekin upp. Þá var saminn tónlist og leikið þekkt lag þar sem blandað var saman hefðbundnum hljóðfærum við hljóð frá búsaðhöldum ýmskonar. Verkefnið hlaut m.a. styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Fleiri sýningar eru í burðarlíðnum á Byggðasafninu á Garðskaga. Um næstu mánaðamót



F.v.: Magnús Stefánsson, bærjastjóri, Tanja Halla Önnudóttir, sýningarstjóri, Ásgeir Hjálmarsson, Sigurjóna Guðnadóttir, Margrét I. Asgeirsdóttir, forstöðumaður safna, og Þórarinn Magnússon, safnvörður.



Vitakortin í safnbúðinni.

opnar lýðveldissýning á safninu. Lýðveldið Ísland verður 80 ára þann 17. júní 2024. Garðskagaviti er einnig 80 ára á þessu ári, en hann var vígður 10. september 1944. Hann er því lýðveldisvitinn. Á sýningunni verður að finna muni í varðveislu safnsins sem tengjast lýðveldissögunni og umfjöllun um vitana fimm í Suðurnesjabæ, Lýðveldisvitann og vitaverði á Garðskaga.

Móttaka Byggðasafnsins á Garðskaga er endurgerð verslunar Þorláks Benediktssonar í Akurhúsum. Þar er rekin safnverslun. Nýjustu gripirnir í versluninni eru vitarnir í Suðurnesjabæ, vitakerti í samstarfi við Kertahúsið á Ísafirði. Þá eru þar einnig Vitakort, eftirprentun eftir vatnslitamyndum af vitunum fimm í Suðurnesjabæ og Reykjanesvita. Byggðasafnið fór í samstarfi við Braga Einarsson myndlistarmann í Garði, sem málaði vitana. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja styrkti safnið til framleiðslu á vitakertunum og vitakortunum. Vitakertin og vitakortin eru í senn listaverk og minjagripir úr Suðurnesjabæ.

Það er líka unnið að gerð fleiri minjagripa sem eiga rætur sínar í Suðurnesjabæ. Síðastliðið haust komst byggðasafnið að samkomulagi við Ingibjörgu Kr. Jóhannesdóttur listakonu, sem býr í Garðinum, um að hún mundi skapa rostunga úr leir, sem aðeins væru seldir á safninu. Rostungar voru veiddir hér á Rosmhvalanesi á sínum tíma. Rostungarnir eru

handgerðir og hver og einn einstakur. Þeir eru til sýnis og sölu í safnbúðinni.

Eitt aðalsmerki Byggðasafnsins á Garðskaga er vélasafn Guðna Ingimundarsonar. Hluti vélasafnsins er til sýnis á safninu og verður véllum skipt út með reglulegum hætti á næstu misserum. Þetta er gert þar sem ekki er pláss fyrir allar vélnar samtímis á safninu. Þá verða vélar gangsettar í sumar eins og undanfarin sumur og verða þær stundir auglýstar sérstaklega.



Byggðasafnið á myndarlegt safn saumavéla frá 20. öldinni.



Mikið safn útvarpsviðtækja er til sýnis á safninu.

## STÖRF Í BOÐI



### STARFSMAÐUR Í MÓTTÖKU

Óskum eftir að ráða starfsmann/konu í móttöku hjá Nýsprautun.

### STARFSMENN Á VERKSTÆÐI

Óskum eftir að ráða starfsmann á bílaverkstæði og á réttingaverkstæði. *Zatrudniny mechanika oraz blacharza samochodowego.*

Umsóknir sendist á netfang: [sverrir@nysprautun.is](mailto:sverrir@nysprautun.is)



Nýsprautun ehf er bíla-, réttinga- og sprautuverkstæði. Bilakjarninn ehf. er bílasala en félögin eru samrekin bilapjónustufyrirtæki í Reykjanesbæ, m.a. samstarfsaðilar Heklu hf.



BÍLAKJARNINN



Tónlistarmennur voru með skemmtilegan gjörning.



MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



# SUMARTILBOÐ

10% afsláttur af öllum garðhúsum og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager

VH/24-01



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m<sup>2</sup>

  
**vöfundarhús.is**  
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

   
Staðgreiðsla **lán** - HAGSTADAR AFBORGANIR



GARÐHÚS 4,4m<sup>2</sup>



GARÐHÚS 4,7m<sup>2</sup>



GARÐHÚS 9,9 m<sup>2</sup> án gólfs



GARÐHÚS 9,7m<sup>2</sup>

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)

# KYNNINGAR-TILBOÐ

á frábærum gróðurhúsum

Viðar gróðurhúsin eru úr náttúrulegum hitameðhöndluðum viði og henta vel fyrir íslenskar aðstæður.

VH/24-02



GRÓÐURHÚS NO-1 10,65 m<sup>2</sup>

  
**vöfundarhús.is**  
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GRÓÐURHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GRÓÐURHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

   
Staðgreiðsla **lán** - HAGSTADAR AFBORGANIR



GRÓÐURHÚS NO-9 14,85 m<sup>2</sup>



GRÓÐURHÚS LT-3 10,6 m<sup>2</sup>



GRÓÐURHÚS NO-2 12,75 m<sup>2</sup>



GRÓÐURHÚS ST-1 7,0 m<sup>2</sup>

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



V Ó R A B M A K I L I M I E H  
 A T S A K R E V D N A H Ð Æ Ó  
 R Ó S Ú Ð K B Í Ó B M A R S K  
 N É T I Ú R U Ð A M V I Ð R A  
 A Á R G É R M I B J N T Í Ð É  
 R O K S U T Ú R A G Ð A Ð P Á  
 V Í D D R É N U A T N L B Ú B  
 I Á L R U Ð Á S Ó K R U M L I  
 R A A O K É P S O I D L I H N  
 K N H I Ð P Ý M H Á E D B A Ð  
 I Ú A S U U I R Ð E V R U Ð Æ  
 Ó P L P Ý N M I N D A Ð U R V  
 K S Ó É P D Æ H I L M A R I K  
 A H K Ð I K I L B A N E P A Á  
 Ú R S L I T A K E P P N I S J

KRÍAN  
 HÓPUSSAGNIR  
 KOMIN  
 VARNARVIRKI  
 JARÐVÁ  
 MAÐUR  
 ÚRSLITAKEPPNI  
 ÆÐUR  
 SKÓLAHALD  
 HEIMILI

VORIÐ  
 HANDVERK  
 TÍÐ  
 VÍÐIR  
 JÁKVÆÐNI  
 PUND  
 RÓS  
 BLIKI  
 KALDUR  
 ILMUR

Gangi þér vel!

Nokkur hundruð bátar á strandveiðum



AFLAFRÉTTIR Á SUÐURNESJUM  
 Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is

Þar með er máimánuður kominn í gang og þá er líka strandveiðitímabilið árið 2024 hafið. Þegar þessi pistill er skrifaður þá eru um 486 bátar komnir á færaveiðar og langstærstur hluti af þeim bátum eru á strandveiðum.

Það kemur kannski ekki á óvart en Sandgerði er stærsta löndunarhöfn Íslands núna varðandi strandveiðarnar. Bátarnir þar eru 47 sem hafa landað. Næsti bær á eftir Sandgerði er Ólafsvík og þar eru 42 bátar og rétt þar á eftir kemur svo Bolungarvík með 41 bát.

Veiðarnar þessa fyrstu daga í maí hafa gengið mjög vel hjá bátunum þeir hafa verið fljótir að ná skammtinum sínum sem er 800 kg af þorski. Allt niður í þrjár klukkustundir af ná skammtinum. Og þar sem verð á fiskmörkuðum eru nokkuð góð, þá eru þessi um 800 til 350 þúsund krónur í aflaverðmæti, ekki slæmt fyrir þriggja klukkustunda vinnu.

Litum aðeins á bátana, Tóki ST er með 3,7 tonn í 3 og mest 1,9 tonn í einni löndun. Alla GK 2,2 tonn, Hadda HF 2,1 tonn, Deilir GK 2 tonn, Dímon GK 1,9 tonn, Jói í Seli GK 1,8 tonn og Dóri í Vörum GK 1,8 tonn, allir með tvo róðra hver bátur.

Í allan vetur hefur verið mjög mikil og góð veiði hjá línubát-

unum og í raun það mikil veiði að stýring á veiðum og sjósókn bátanna hefur verið þó nokkur svo þeir myndu ekki klára kvótann sinn áður enn sumarið kæmi. Fyrsti báturinn af Suðurnesjunum er farinn í burtu en Auður Vésteins SU er farinn frá Grindavík til Stöðvarfjarðar.

Einhamar sem gerir úr Auði Vésteins SU á eftir samtals um 511 tonna kvóta miðað við þorskígildi og mestur kvótinn sem fyrirtækið á er á Auði Vésteins SU, ríflega 300 tonn.

Líklega verða ekki margir bátar frá Suðurnesjum sem fara í burtu því það er ekkert að slakna á góðri línuveiði og til dæmis er Indriði Kristins BA kominn með 48 tonna afla í aðeins þremur róðrum, landað í Sandgerði. Rétt þar á eftir er Sævík GK með 45 tonn í fjórum og landað í Grindavík. Daðey GK er með 35 tonn í fjórum róðrum og Hópsnes GK 22 tonn í þremur en það má geta þess að Hópsnes GK átti mjög góðan apríl mánuð þar sem báturinn varð aflahæstur báta að 21 BT í máuðinum á landinu með 164 tonna afla í nítján róðrum. Stór hluti af þessum afla var landaður í Grindavík en er kominn til Sandgerðis núna. Geirfugl GK er með 20 tonn í tveimur róðrum og Margrét GK 16 tonn í tveimur róðrum.

Annars er eitt nokkuð merkilegt með bátinn Margrét GK. Vanalega var það þannig að línubátarnir frá Suðurnesjum hurfu allir í burtu um miðjan eða í lok maí og fóru þá norður eða austur til veiðar og voru þar um sumarið og út haustið. Margrét GK var á Neskaupstað í október árið 2022 og kom síðan til Sandgerðis og hefur róið þaðan alveg síðan í október 2022.

Þetta vekur töluverða athygli og maður myndi ætla að veiðin væri mun minni en fyrir t.d. austan eða norðan en hún hefur reyndar ekki verið það. Bátunum hefur gengið mjög vel á línuveiðunum yfir sumarið og haustið. Reyndar vinnst margt með því að hafa bátana fyrir sunnan á veiðum. Til að mynda sparast mikill flutningskostnaður og líka að áhafnir bátanna geta verið með sínum fjölskyldum heima í landlegum og tími með fjölskyldum er eitthvað sem ekki er metið að verðleikum.

Eins og staðan er núna þá verður Margrét GK áfram fyrir sunnan í sumar og í haust og líklega munu eitthvað af hinum bátunum líka verða fyrir sunnan.



SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?  
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bílaveiðgerðir**  
**Smurþjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:  
**11-13:30**  
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

**NÝ OG NOTUÐ**  
**PALLHÝSI TIL SÖLU**

VERÐ FRÁ 790.000 KR  
 OPIÐ HÚS 11. MAÍ - 13-16

**VALHALLARBRAUT 891, 262 REYKJANESBÆR**  
**SÍMI 849-2220 - WWW.PALLHYSI.IS**



## Deildarstjóri

Deildarstjóri óskast til starfa sem fyrst, eða eftir samkomulagi, í leikskólanum Sólborg, Sólheimum 5/Byggðavegi 5 í Sandgerði í Suðurnesjabæ

Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa kemur til greina að ráða einstakling með aðra uppeldis-menntun eða starfsreynslu

Nánari upplýsingar veita Katrín Lilja Hraunfjörð skólastjóri í síma 423-8080 eða á netfangið [katrinlilja@skolar.is](mailto:katrinlilja@skolar.is) og Karen Sif Sværrisdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 423-8080 eða á netfangið [karensif@skolar.is](mailto:karensif@skolar.is)

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2024.

Öll kyn eru hvött til sækja um.

Öllum umsóknum er svarað.



### Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinnur að og ber ábyrgð á uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni
- Annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á miðlun upplýsinga
- Ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólánámskrá og að öll börn fái kennslu og umönnun við hæfi
- Ber ábyrgð á foreldrasamvinnu
- Önnur verkefni skv. starfslýsingu og sem yfirmaður felur starfsmanni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf kennara (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Gerð er krafa um reynslu af leikskólastarfi
- Áhugi á að vinna með börnum
- Færni í samskiptum og samstarfs-hæfileikar
- Vilji til að taka þátt í þróun á faglegu starfi og láta til sín taka
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og faglegur metnaður
- Lausnarmiðun
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

### Fríðindi í starfi

- Þrjár heilsusamlegar máltíðir á dag
- Metnaðarfullt starfsumhverfi
- Heilsuhvetjandi starfsumhverfi
- Viðverustefna
- Heilsustyrkur
- Samgöngustyrkur
- Vinnustytting



Leikskólinn Sólborg „leikskóli á heilsu-braut“ í Suðurnesjabæ (Sandgerði) er sex deilda leikskóli með um 130 börn sem Skólar ehf. hafa tekið við rekstri fyrir Suðurnesjabæ frá og með 1. september 2023.

Leikskólinn mun flytja í nýtt húsnæði við Byggðaveg að vori 2024.

Skólar ehf. er 23 ára gamalt félag sem rekur nú þegar fimm heilsuleikskóla í sveitarfélögunum Reykjanesbæ, Grindavík, Kópavogi, Reykjavík og Garðabæ. Allir leikskólarnir innan vébanda Skóla ehf. starfa í anda Heilsustefnunnar sem kjarnast um heilsu og lífsgæði nemenda, starfsfólks og nærsamfélagsins.

Einkunnarorð okkar er „heilbrigð sál í hraustum líkama“

# ÖFLUGIR BAKHJARLAR

## STYÐJA VIÐ DAGSKRÁRGERÐ SJÓNVARPS VÍKURFRÉTTA



# SUÐURNESJAMAGASÍN

## Á VEF VÍKURFRÉTTA, VF.IS





Bláa lónið og orkuverið í Svartsengi fyrr í vetur. VF/Jón Steinar Sæmundsson

## Bláa lónið ætlar að lifa og vinna með náttúruöflunum

„Ég leyfi mér að vera hjartsýn á sumarið og bókunarstaðan er ágæt,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri sölu, rekstrar og þjónustu Bláa lónsins en fyrirtækið hefur ekki farið varhluta af jarðhræringunum í Grindavík og hefur m.a. þurft að hafa lokað í rúma þrjá mánuði frá því að hamfarirnar hófust 10. nóvember síðastliðinn. Framkvæmdir eru í gangi þar sem verið er að uppfæra aðstöðu í klefum og útisvæði. Markmiðið er að bæta enn upplifun gesta Bláa lónsins.

Það er alkunna að það hægist á ferðamannastraum fyrstu vikunnar eftir páska en Helga er hjartsýn á komandi sumar.

„Ef ég hugsa eitt ár til baka gæti ég trúað að við séum með um 50–70% af þeim fjölda sem heimsótti okkur á sama tíma í fyrra. Sumarvertíðin fer að byrja og við verðum tilbúin til að taka á móti þeim gestum. Eins og áður erum við með allar viðbragðsaðilar til tækjar og erum tilbúin til að loka komi til þess. Við höfum þurft að gera það nokkrum sinnum í vetur og hefur það gengið vel en mér reiknast til að við séum búin að þurfa að hafa lokað í rúma þrjá mánuði frá því að hamfarirnar hófust 10. nóvember. Við erum í mjög góðu sambandi og samtali við viðbragðsaðila og ferlið er alltaf að slípast og menn að átta sig betur og betur á stöðunni á svæðinu. Vonandi getum við haft sem mest opið í sumar og opnað sem fyrst aftur eftir hverja lokun. Viðbragðsaðilar og aðrir sem koma að því að rýna stöðuna eru miklir sérfræðingar á sínu sviði og það er gríðarlega gott að eiga þá að.“

### Góð bókunarstaða

„Ég vil leyfa mér að vera vongóð um að sumarið eigi eftir að ganga vel, bókunarstaðan er fin og margir tala um hugsanlegt metár í flugtíðni til landsins. Hún mun væntanlega verða með besta móti en það eitt og sér er ekki nóg, það þurfa auðvitað að vera farþegar í sætum á leið til landsins en ekki bara yfir hafið. Við eigum eftir að sjá hvað rætist úr sumrinu en ég er hjartsýn.“

Varnargarðarnir sem risu á örskömmum tíma á síðasta ári skipta sköpum og veita starfsfólki og



Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri sölu, rekstrar og þjónustu Bláa lónsins.

gestum Bláa lónsins mikla öryggis-tilfinningu. Bláa lónið hefur verið í framkvæmdum að undanfögnu, bæði lagfæringum og til að auka á upplifun ferðamannsins.

„Að sjálfsögðu veita varnargarðarnir okkur mikla öryggis-tilfinningu en við erum í stöðugu sambandi við viðbragðsaðila og erum fljót að bregðast við ef gasmengun t.d. mælist, þá lokum við á meðan en opnum svo aftur. Staðan akkúrat í dag er þannig að búist er við nýju eldgosu á hverri stundu og við verðum einfaldlega að taka einn dag fyrir í einu.“

### Bæta upplifun enn meir

Helga segir að framkvæmdir hafi hafist í janúar en bæði er um lagfæringar að ræða og uppbyggingu á nýju útisvæði. „Við viljum bæta upplifun gesta okkar enn frekar, bæði inni í klefum og úti. Við erum alltaf hjartsýn, við ætlum okkur að lifa með náttúruöflunum og vinna með þeim eins faglega og hægt er á hverjum tímapunkti og að sjálfsögðu með öryggið í fyrirrúmi,“ sagði Helga að lokum.

## HP flutningar færa alla starfsemina aftur í Grindavík

„Þekki nánast hverja einustu sprungu sem hefur myndast,“ segir Otti Sigmarsson hjá HP og björgunarsveitarmaður.

„Við viljum ganga fram með góðu fordæmi og hefja rekstur á ný í Grindavík, segir Otti Sigmarsson, framkvæmdastjóri hjá HP flutningum í Grindavík. Fyrirtækið rekur flutninga- og gámaþjónustu í Grindavík en eðlilega hefur verið lítið að gera að undanfögnu en Otti horfir björtum augum til framtíðar fyrirtækisins og Grindavíkur yfir höfuð.

„Við erum kannski að starfa á fjórðungs afköstum miðað við sama tíma í fyrra. Sem betur fer er Bláa lónið komið í talsverða starfsemi en við þjónustum Bláa lónið með flutning á handklæðum og baðsloppum sem er þvegið í Grindavík, ásamt flutningum á öðrum vörum fyrir fyrirtækið. Flutningastarfsemin til og frá Grindavík er bara brotabrot af því sem það var en við höfum ákveðið að færa alla starfsemina aftur til Grindavíkur eftir að hafa opnað um tíma í Hafnarfirði. Það verður ekki eins mikið að gera til að byrja með en það verður einhvern tíma, það er ég sannfærður um. Við viljum ganga fram með góðu fordæmi og þannig styðja við þá sem eru nú þegar búnir að hafa starfsemi eins og útgerðirnar og þau fyrirtæki sem ætla sér að hefja starfsemi á ný. Það þurfa einhverjir að byrja og við erum tilbúnir til þess.“

### Vinnandi fólk í stað björgunarsveita

Otti var orðinn formaður Landsbjargar en vegna ástandsins í Grindavík og vegna uppbyggingar þar ákvað hann að draga seglin aðeins saman en sinnir ennþá björgunarsveitarstörfum fyrir björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

„Ég ákvað að segja skilið við formenskuna á vordögum til að geta sinnt betur fjölskyldunni, uppbyggingu Grindavíkur og rekstri okkar fyrirtækis. Maður þarf að hafa nægan tíma til að sinna formenskunni í svo stóru félagi eins og Landsbjörg er og ég tók þessa ákvörðun. Ég er auðvitað áfram félagi í Björg-

unarsveitinni Þorbirni og sinni þeim verkefnum sem koma upp þar en þau eru miklu minni en þau voru þegar eldgosin voru við Fagradalsfjall. Þar sem starfið í björgunarsveitunum byggist upp á sjálfbærni var ljóst að þetta gat ekki gengið svona til lengdar, það var gifurlegt álag á fólk og nú er það komið út um allt land má segja svo það var ljóst að starf okkar björgunarsveitar myndi breytast. Nú er vinnandi fólk að sinna mörgum af þeim verkefnum sem við vorum í svo okkar verkefni fara að snúast meira af því sem björgunarsveitarstarf á að snúast um, að bjarga fólk,“ segir Otti.

### Skólalahlald grunnforsenda

Otti og fjölskylda hafa búið í Hafnarfirði síðan hamfarirnar áttu sér stað í nóvember en Otti sér alveg fyrir sér að fjölskyldan myndi snúa til baka þegar bærinn verður gerður öruggur og skólalahlald hefjist á ný.

„Við myndum íhuga það gaumgæfilega en þá þarf líka að fara sýna fram á breytta stefnu. Það er grunnforsenda fyrir því að eðlilegt líf geti hafist í bænum, að skóla- og leikskólalahlald hefjist á ný. Ég vil fara sjá framkvæmdir hefjast í Grindavík, ég hef verið hér nánast alla daga síðan hamfarirnar áttu sér stað í nóvember og þekki nánast hverja einustu sprungu sem hefur myndast. Það þarf bara að fara í þetta verkefni, laga sprungurnar og gera bæinn öruggan, snúa svo aftur heim. Þetta er staðan, það er annað hvort að slökkva ljósin eða hafa þau kveikt, ég vel seinni kostinn og vil sjá bæjaryfirvöld fara spýta í lófana,“ sagði Otti að lokum.



Otti Sigmarsson, framkvæmdastjóri hjá HP flutningum í Grindavík.



VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

## Næg ve

■ Magnús Guðmundsson í Grindavík

„Ég spyr mig stundum hvort þetta hafi verið hjarnargreiði hjá ríkinu að bjóða upp á þessi uppkau,“ segir Magnús Guðmundsson, eigandi Grindarinnar í Grindavík. Gefið hefur á bátinn hjá fyrirtækinu eins og hjá öðrum grindvískum fyrirtækjum en verkefnastaðan næstu árin er góð vegna mikilla framkvæmda við Bláa lónið. Magnús er uggaði yfir framtíð Grindavíkur en er þó ekki tilbúinn til að gefast upp.

Magnús fór yfir hvað Grindin er að gera hjá Bláa lóninu.

„Við erum að byggja nýtt útisvæði við Bláa lónið, gufubað, sauna, kaldan pott og fossa svo eitthvað sé nefnt í þessum fyrsta áfanga og svo mun meira fylgja í kjölfarið. Við ætlum að hefja framkvæmdir í nóvember en ákveðinn atburður kom í veg fyrir það svo við þurftum að ýta því á undan okkur en gátum hafist handa í byrjun janúar. Ég veit ekki alveg hvenær þessum fyrsta áfanga lýkur, vonandi í haust í síðasta lagi en svo er margt framundan næstu árin svo verkefnastaða okkar í framkvæmdum fyrir Bláa lónið er góð á næstunni. Þessi frábæri staður mun verða ennþá flottari fyrir ferðafólkið og er gaman að fá að taka þátt í uppbyggingunni.“

Bláamaður tók hús á Magnúsi skömmu eftir að Grindvíkingum var hleypt til síns heima að vitja að eign sinni og hefja flutninga, hljóðið var ekki gott í honum þá.

„Nei, ég var ekki ánægður þá og hef ekki verið síðan má segja. Þessar hömlur sem voru settar á atvinnustarfsemi í bænum voru mjög íþyngjandi og minnstu munaði að þetta setti stórt strík í reikninginn hjá okkur en sem betur fer gátum við hafið framleiðslu á innrétingum í Hafnarfirði og gátum þannig uppfyllt okkar samninga. Við höfum síðan aftur starfsemi hér í Grindavík fyrir tveimur vikum en það hefur fækkað í starfslöðinu, sumir hafið störf nær nýju heimili og aðrir sem einfaldlega treysta sér

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM  
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA  
magasín



Séð yfir byggðina í Grindavík. VF/Hilmar Bragi Bárðarson



# Arkefni fyrir Bláa lónið

ni í Grindavík efins hvort það hafi verið bjarnargreiði hjá ríkin að bjóða upp á þessi uppkaup.



Magnús Guðmundsson.

ekki til að starfa inni í Grindavík. Sjálfur er ég búinn að kaupa mér íbúð í Njarðvík svo það er stutt fyrir mig að skjótast hingað í Bláa lónið en við hjónin erum opin fyrir að snúa til baka um leið og færi gefst, við ætlum bara að sjá hvernig málin munu þróast á næstunni," segir Magnús.

## Snúin staða í Grindavík

„Þessi uppkaup á íbúðarhúsnæði Grindvíkinga flækja málin ansi mikið fyrir okkur sem erum í atvinnustarfsemi í bænum. Það er ekki einfalt mál að búa í Reykjavík t.d. og mæta til vinnu í Grindavík, fólk þarf að koma börnum í skóla og leikskóla og allt svona tekur miklu meiri tíma en ef fólk byggir í Grindavík. Margir íbúar Grindavíkur unnu í Reykjavík en þá var annað foreldrið að vinna í Grindavík og fólk hafði sitt tengslanet sem er kannski ekki til staðar í Reykjavík eða þar sem viðkomandi eru búinn að koma sér fyrir. Ég spyr mig stundum hvort þetta hafi verið bjarnargreiði hjá ríkinu að bjóða upp á þessi uppkaup, ég er hræddur um að fólk snúi ekki til baka. Maður spyr sig, hvers eignum við atvinnurekendur að gjalda, starfsfólkið flutt í burtu en við sitjum uppi með atvinnuhúsnæði sem við getum þá ekki losnað við. Hvað ætlar ríkið að gera með

alla þessa minni atvinnustarfsemi? Á ríkið eða bankarnir bara að hirða þetta? Hver er stefnan? Það verður að koma einhver aðstoð frá ríkisvaldinu ef við eigum að reyna halda þessari starfsemi gangandi. Stundum spyr maður sig hreinlega hvort best hefði verið að sleppa því að reisa þessa varnargarða og leyfa bara hrauninu að flæða yfir, það hefði verið best fyrir þessa smærri atvinnurekendur sem verða einfaldlega að fá einhverja aðstoð. Á móti má segja að hægt er að spyrna við fótum og hefja uppbyggingu, það væri auðvitað það besta fyrir Grindavík. Við eigum að geta lifað með þessum náttúruöflum. Varnargarðarnir veita okkur skjól og með því að hefja framkvæmdir inni í bænum, laga sprungurnar og gera bæinn öruggan eigum við að geta snúið til baka því þar með ætti skóla- og leikskólalahlad að geta hafist á ný. Við verðum bara að vona það besta og vera hugrökk, það er það eina sem gildir," sagði Magnús að lokum.



Bjarki Sigmarsson hjá Vélsmiðju Grindavíkur.

## Vélsmiðja Grindavíkur með starfsemi í Grindavík og í Hafnarfirði

„Lofa skal lamb að hausti," segir áhugafjársbóndinn Bjarki Sigmarsson. Hann er starfsmaður Vélsmiðju Grindavíkur en fyrirtækið var eitt það fyrsta til að hefja starfsemi á ný í Grindavík eftir fyrri rýminguna í nóvember og hefur síðan þá opnað útibú í Hafnarfirði. Bjarki er áhugafjársbóndi og er sauðburði nýlökkið hjá honum og öðrum af eigendum Vélsmiðju Grindavíkur, Ómari Davíð Ólafssyni.

„Það hefur verið nokkuð mikið að gera hjá okkur, auðvitað ekki eins og á sama tíma í fyrra en nokkuð mikið samt sem áður. Við erum mest að þjónusta báta og skip og svo erum við eina búðin í Grindavík í dag sem selur samlokur, krúðerí og drykki. Íbúar eru að koma til að kaupa ruslapoka og ýmislegt annað en mest eru þetta iðnaðarmenn að koma og versla, það er talsvert af þeim inni í bænum og við getum þjónustað þá um það helsta sem þeim vantar. Venjulega vorum við með tvo bifvélavirkja en erum með einn núna og það er nóg að gera hjá honum, fólk kemur frekar með bílinn sinn hingað í viðgerð í stað þess að bíða í nokkrar vikur eftir að komast að annars staðar. Við opnuðum auðvitað útibú í Hafnarfirði og það er talsvert starfsemi þar í kringum báta og skip svo ég held að við getum ekki mikið kvartað.“

Bjarki og kona hans hafa komið sér fyrir í Njarðvík en hann verður

með annan fótinn í Grindavík þar sem hann er með fjárbúskap austur í hverfi.

„Við hjónin vorum svo heppin að við gátum flutt inn á dóttur okkar í Ytri-Njarðvík og við vorum að gera tilboð í íbúð þar. Ég verð nú samt alltaf með annan fótinn hér í Grindavík, bæði er ég að vinna hér og er með fjárbúskap austur í hverfi, n.t.t. í Bjarmalandi. Sauðburður var einmitt að klárast í gær og við munum fara með féð á fjöll í kringum næstu mánaðarmót. Við Ómar erum með 24 rollur á vetrarfóðrum sem báru núna, það er kannski ljótt að segja það en ég hreinlega man ekki hversu mörg lömb ég fékk. Þær fara svo eins og vera ber á fjöll, ég hef lært að það þýðir ekkert að tala um hversu vel lömbin líta út nýfædd, lofa skal lamb að hausti," sagði Bjarki að lokum.



Húsnæði Grindarinnar í Grindavík.

Maður spyr sig, hvers eignum við atvinnurekendur að gjalda, starfsfólkið flutt í burtu en við sitjum uppi með atvinnuhúsnæði sem við getum þá ekki losnað við. Hvað ætlar ríkið að gera með alla þessa minni atvinnustarfsemi? Á ríkið eða bankarnir bara að hirða þetta? Hver er stefnan?



# Bíður eftir gosi á herbergi 13

Þetta er mögulega einföldun á starfslýsingu en Sigurbjörn Arnar Jónsson hefur það starf þessa dagana að bíða eftir eldgosu. Og hann er ekki heima í sófa að bíða eftir gosinu. Hann dvelur á hótélherbergi með glæsilegt útsýni yfir hraun og mosa við Bláa lónið. Herbergi númer 13 hefur verið annað heimili Sigurbjörns frá því eldsumbrotin sem kennd eru við Sundhnúkagígaröðina hófust. Sigurbjörn stendur þar vaktina allan sólarhringinn, alla vikuna. En hvert er í raun verkefni Sigurbjörns?



Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is

„Mitt verkefni er í raun að vera til taks í rýmingu, þegar kemur að henni. Ég hef tekið þátt í þeim öllum á þessu ári hér við Silica hót-

elið og einnig verið til taks við sjálft Bláa lónið ef að á þarf að halda. Oftast hef ég þó aðeins þurft að taka fólk héðan,“ segir Sigurbjörn þegar blaðamaður hitti hann að máli á herbergi 13 á mánudaginn.

## Mitt eðli er rólegt

Og hvað ertu að gera? Þú ert örugglega búinn að lesa bóka-safnið?

„Veistu, ég fæ þessa spurningu mjög oft. Það hentar mér að mitt eðli er rólegt. Ég get setið og gert ekkert. Ég gæti horft á vegginn í einn eða tvo tíma og látið hugann reika. Ég er með ákveðna rútinu hér. Ég fer ekki alltaf í morgunmatinn en fer alltaf í hádegismat í mótuneyti starfsmanna í Bláa lóninu. Þar er mjög góður matur og vegna þess að ég stend sjálfur í flutningum þá hef ég verið mikið í örbylgjum, þannig að maturinn í Bláa lóninu er mun hollari en það, þó ég beri þess kannski ekki merki utan á mér. Ég reyni að ganga eitt-hvað alla daga og ef ekki er veður til þess úti, þá nota ég líkamsræktina hér á Silica hótelinu. Ég fer á hlaupabrettið í rúman klukkutíma og tek þar kraftmikla göngu. Svo er ég bara að hanga á netinu og horfi þar á innihaldslaus Reels. Ég les eitthvað smá, en mætti gera mun meira af því. Í ljósi þess að ég hef allan tímann í heiminum, þá mætti ég gera meira af því. Ég er með spjaldtölvu með mér og skoða þætti á Netflix og Amazon.



Sigurbjörn við herbergi 13 á Silica hótelinu í Svartsengi.

Ég er róleg týpa og það hentar ágætlega í þetta starf. Þetta gæti reynst mörgum erfitt en ég er umkringdum frábæru starfsfólki hérna á hótelinu og þeim sem vinna í Bláa lóninu. Ég hef unnið við að keyra þessu fólki í og úr vinnu síðan 2015 og er orðinn vel málkunnugur mörgum og núna enn meiri vinur þeirra.“

## Er þessi langa viðvera hérna eitt-hvað að hamla áhugamálu- num?

„Ég er ekki með pianóið mitt með mér og ég kemst ekki í bíó. Ég mun komast í bíó á endanum þegar kemur að rýmingu, sem verður einhvern tímann. Svo vonast ég til þess að eldurinn komi upp utan varnargarðanna. Við munum hvernig þetta var þegar við misstum hitaveituna. Þá voru erfðir tímar og ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda ef það gerist aftur, þó svo það sé orðið hlýrra úti. En ég get látið tímann líða við að gera ekkert og mér leiðist ekki. Það eru kannski ekki margir með þennan

## Vinnur við að bíða og bíða

### Hvernig fer þetta fram?

„Þetta fer þannig fram að bjöllurnar hringja og ég sæki strætisvagninn sem er geymdur á Þjónustuvegi hérna skammt frá hótelinu. Ég mæti svo með hann á bílastæðið við innganginn og tek alla um borð í bílinn sem eru ekki á einkabílum. Þegar við höfum fullvissað okkur 150% um að allir séu komnir um borð sem þurfa far með mér, þá er haldið yfir á stóra bílastæðið við Bláa lónið og athugað hvort þar séu einhverjir sem þurfa að komast með bílnum. Í síðustu rýmingu þurfti ég að aka um Reykjanes og í gegnum Hafnir en hinar þrjár gat ég farið Grindavíkurveginum. Þannig að ég vinn við það að bíða ... og bíða,“ segir Sigurbjörn spöskur.

### Og þú hefur sofíð vikum saman á hótélherbergi?

„Þetta er búíð að vera brotið. Núna er ég búinn að vera hérna frá því á sumardaginn fyrsta, 25. apríl. Ég hef tvisvar skotist til Keflavíkur til að sækja hrein fót og þá er ég leystur af á meðan. Ég hef fram að þessu verið rúmlega viku hér fram að gosi. Svo þegar gýs þá slaknar á kerfinu og neyðarvakt er óþörf. Þegar landrísíð er komið á kritískan stað er neyðarvaktin sett á að nýju og hún hefur verið að meðaltali um viku.

Fram að gosinu 16. mars var rýming á laugardeginum 2. mars og ég var kominn hingað aftur mánudaginn 4. mars. Lengsta neyðarvaktin var því frá morgni 4. mars og fram á laugardagskvöldið 16. mars.“

Sigurbjörn við neyðarvagninn í Svartsengi.



MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍN GUÐRÚN INGÓLFSDÓTTIR,**

verður jarðsungen frá Keflavíkirkirkju miðvikudaginn 15. maí klukkan 13:00.

Haldóra J. Ingibergsdóttir	Eiríkur Jónsson
María Ingibergsdóttir	Ragnar J. Gunnarsson
Helga Ingibergsdóttir	Árni Stefán Jónsson
Birgir Ingibergsson	Guðrún Edda Jóhannsdóttir
Ingólfur Ingibergsson	Margrét Eðvaldsdóttir
Margrét Ingibergsdóttir	Rúnar Sverrisson
Rúnar Ingibergsson	Sólveig Skjaldardóttir
Hafsteinn Ingibergsson	Guðlaug Einarsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**REYNIR EIRÍKSSON,**  
f.v. flugstjóri,  
Langholti 23, Keflavík,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu að Nesvöllum laugardaginn 27. apríl 2024.

Útför fer fram frá Keflavíkirkirkju föstudaginn 10. maí klukkan 12.

Kristín Ólöf Hermansdóttir	Garðar Jóhannsson
Vilborg Reynisdóttir	Kristín J. Geimundsdóttir
Eiríkur S. Reynisson	Matthildur Kristjánsdóttir
Hermann B. Reynisson	Vala Björg Arnardóttir
Egill Vignir Reynisson	
Reynir Ingi Reynisson	

barnabörn og barnabarnabörn

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐBJÖRG SVANHILDUR JÓNSDÓTTIR**  
Lilla  
Kirkjuvegi 5, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 26. apríl.

Útför hennar fer fram frá Sandgerðskirkju fimmtudaginn 16. maí kl. 13.

Hjartans þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar og sjúkradeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og stuðningsþjónustu Reykjanesbæjar fyrir hlýja og góða umönnun.

Streymt verður frá athöfninni á eftirfarandi slóð:  
<https://www.facebook.com/groups/gudbjorgsvanhildur>

Kristján Sigtryggur Gunnarsson	Ásta G. Sigurðardóttir
Valur Ármann Gunnarsson	Þóra Aradóttir
Rakel Kristín Gunnarsdóttir	Jóhann G. Guðjónsson
Jón Ragnar Gunnarsson	Guðrún Guðmundsdóttir
Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir	Ingi Þór Sigríðarson

og öll ömmubörnin



„Það viðheldur alltaf smá spennu hjá manni sjálfum þegar maður fer að sofa og ekkert heyrir í hótélgestum, sem heyrir reyndar aldrei í, þá heyrir maður alltaf niðinn í hitaveitunni. Ég upplifði eina nótt fyrir rýminguna 2. mars, þar sem taugarnar voru spenntar og ég gat eiginlega ekki sofíð. Ég svaf í fótunum þá nótt.“





þankagang, en ég er þarna og það hentar mér vel hér.“

### Taugarnar spenntar

**Það er ákveðin spenna þó sem fylgir þessu, þar sem það er ekki vitað hvenær gýs.**

„Það viðheldur alltaf smá spennu hjá manni sjálfum þegar maður fer að sofa og ekkert heyrst í hótelligstum, sem heyrst reyndar aldrei í, þá heyrir maður alltaf niðinn í hitaveitunni. Ég upplifði eina nótt fyrir rýminguna 2. mars, þar sem taugarnar voru spenntar og ég gat eiginlega ekki sofið. Ég svaf í fótunum þá nótt. Ég veit ekki hvaðan þetta kom, því það var ekkert öðruvísi þá nótt en aðrar nætur hér.“

Ég er alltaf mjög meðvitaður um ástandið hér og er alltaf með allt pakkað í töskur og poka á meðan ég er herna. Ég er ekki að nota fataskápa, heldur með allt klárt til að fara út og gera það sem mér ber að gera. Ég vil ekki eyða óþarfa tíma í að allt sé út um allt. Ég fæ oft þá spurningu hvort ég sé hræddur. Ég segi nei með svona 70% vissu fyrir því svári. Ég er kannski ekki alveg í rónni, ekki alveg,“ segir Sigurbjörn.

### Hvernig er upplifunin á ástandinu þegar flautan fer í gang?

„Svo ég tali um fyrsta skiptið, þá var það um hánótt. Þá fékk ég símtal, því það var ekki búíð að setja upp þokulúðrana. Þá var bara tilkynnt að það væri verið að rýma og ég setti það litla sem ég var með í tösku og setti hana fram við borðið hjá innrituninni. Þaðan labbaði ég svo í strætóinn með mitt vasaljós. Ég fór með fólkið á Marriott hótelið í Keflavík og þaðan var svo hluti hópsins sendur með öðrum bílum í Reykjavík. Þá var ég spenntur en alls ekki hræddur. Það var ekki byrjað að gjósa þá og gaus ekki fyrr en þremur tímum eftir þá rýmingu. Ég tók rúnt um Keflavík þegar þetta var yfirstaðið og fann að þetta gekk vel og maður upplifði smá hetju innra með sér. Ég fann að ég var orðinn ofboðslega þreyttur og ætlaði upp í vinnuádstöðu og leggja mig þar. Ég stoppaði á bílastæðinu við Nettó í Krossmóa og sofnaði þar í klukkutíma, því ég vissi að ég myndi ekki ná að komast á áfangastað án þess að sofna. Ég fann svo þegar ég vaknaði aftur að ég var í smá sjokki og depurð eftir þetta, því maður hafði ekki upplifað svona og svo byrjaði gosið.“

### EKKI VOTTUR AF JARÐHRERINGUM

Svo þegar komið var að rýmingu númer fjögur þá var þetta ekkert mál. Það sem var óþægilegt við þá

rýmingu var að skyndilega fóru þokulúðarnir í gang þegar ég var inni á herbergi. Ég fór með mitt hafurtask fram í afgreiðslu og þá var gosið þegar byrjað og himininn rauðglóandi. Þá var ekki vottur af jarðhræringum. Þá var líka óþægilegt að reykurinn frá gosinu kom yfir svæðið í bland við gufuna frá hitaveitunni og skýið sem var herna yfir var svolítið ógnvekjandi. Þetta var eina skiptið sem ytri aðstæður voru ógnvekjandi en maður vissi að þetta var á bak við fjall og því engin hættu á ferðum.

Í rýmingunni þann 8. febrúar sáum við hraunið nálgastr Grindavíkurvegin og það var í fyrsta skipti sem ég sá hraun svona nálgastr. Þetta var rosaleg upplifun fyrir gestina og það var einnig þegar við rýmdum 16. mars. Þá fórum við um Reykjanes og framhjá Höfnum. Þegar við ókum framhjá Patterson-vellinum var gosið komið í fulla stærð og það var mikil upplifun fyrir fólkið í bílnum hjá mér. Þetta var mikið af Bandaríkjamönnum og þau munu aldrei gleyma þessari ferð. Rýmingin gekk vel og ég reyni að halda þessu öllu léttu. Það hefur heldur aldrei verið nein hræðsla í bílnum, sem betur fer.“

### SKOÐAR SÍÐU VEÐURSTOFNUNAR FIMMTÍU SINNUM Á DAG

Sigurbjörn hefur nýtt tímann á milli rýminga til að velta fyrir sér jarðfræði svæðisins og er inni á öllum þeim síðum á fésbókinni þar sem jarðfræði og eldgos eru til umfjöllunar. „Svo fer ég inn á síðu Veðurstofunnar örugglega fimmtíu sinnum á dag. Þá stóla ég á vísu þeirra sem eru vel að sér inni á jarðfræðisíðunum. En á endanum er þetta alltaf spurningin um það hvenær kemur gosið upp? Þegar gosið kom upp þann 16. mars hafði verið ákóf skjálftavirkni en hennar varð ekki vart við Silica hótelið þar sem ég var. Það fannst ekki neitt.“

Sigurbjörn segir að í öllum fyrri rýmingum hafi verið jarðskjálftar sem hafi fundist á svæðinu en það hafi ekki verið fyrir síðasta gos og það hafi verið óþægilegt. Með framhaldi þá vonast hann til að það fari að gjósa fljótlega. Það sé ýmislegt fram undan sem hann langi að taka þátt í en geti ekki á meðan hann þurfi að standa neyðarvaktina í Svartsengi. „Ég vona bara að þetta verði gos sem veldur ekki tjóni á innviðum og haldi sig utan varnargarða.“ Og Sigurbjörn bætir því við að ef það verður gos, þá megi búast við að það loki í Bláa lóninu í einhverja daga og þá muni hann nýta tækifærið að fara í bíó nokkur kvöld í röð.



## Nýtt landslag við Sundhnúka



Núna þegar sjöunda gosið á Reykjaneskaganum virðist vera á lokametrunum og nýtt kvikuhlaup eða eldgos í burðarliðnum er áhugavert að skoða það landslag sem orðið hefur til við gosstöðvarnar á Sundhnúka-gígaröðinni. Ljósmyndari Víkurfrétta, Ísak Finnbogason, flaug dróna yfir hraunbreiðurnar um nýliðna helgi og fangaði þetta nýja landslag á þessar myndir.



## SUMARSTARF

### SÖLUMAÐUR Í VERSLUN OKKAR Í REYKJANESBÆ ÓSKAST

Við leitum að metnaðarfullum einstakling í sumarstarf í litríkri sérverslun okkar í Reykjanesbæ. Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini ásamt almennum verslunarstörfum.

Góð þekking á málningarvörum/vinnu er kostur. Unnið er 8:00–18:00 aðra vikuna og 10:00–18:00 hina vikuna og annan hvern laugardag frá 10:00–14:00. Möguleiki á áframhaldandi hlutastarfi t.d. með skóla.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Eðvald Heimisson** verslunarstjóri Reykjanesbæ, netfang: [elli@slippfelagid.is](mailto:elli@slippfelagid.is), s: 421 2720.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [throstur@slippfelagid.is](mailto:throstur@slippfelagid.is).

**Umsóknarfrestur er til 10. maí 2024.**

Slippfélagið  
Hafnargötu 61  
Reykjanesbæ  
S: 421 2720  
[slippfelagid.is](http://slippfelagid.is)





# Upptökur á nýju lagi Grindvíkinga í Grindavíkarkirkju

Líf fæddist í Grindavíkarkirkju í síðustu viku en þá mætti organistinn Kristján Hrnannar Pálsson þangað ásamt tónlistarmanninum og upptökustjóranum Vigni Snæ Vigfússyni, sem er líklega best þekktur sem Vignir í Írafár. Kristján Hrnannar var að spila kirkjuorgel í nýju lagi sem grindvísk feðgin sömdu saman og fjallar textinn um Grindavík, raunir Grindvíkinga og vonir þeirra um framtíð bæjarins.

Kristjáni var ljúft og skylt að verða við beiðni Grindvíkinganna um að ljá lagi þeirra kirkjuorgel-leik sínum.

„Þegar söngkonan Arney Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir bar hugmyndina undir mig fyrr í vetur, var ekki nokkur spurning í mínum huga að gera þetta með henni, Sigurbirni pabba hennar og Mikael Tamar Eliassyni. Ég er organisti Grindavíkarkirkju og lít á þetta sem hluta af þeim verkefnum sem ég fæ upp í hendurnar í Grindavík. Þetta er samstarfsverkefni þeirra, Sigurbjörn samdi fallett gítarplokk, Arney samdi laglínuna og hún og Mikael Tamar Eliasson sömdu textann. Arney var byrjuð að semja texta áður en ósköpin gengu yfir þar sem þessi lína koma fyrir; „Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.“ Hún skaut hugmynd að pabba sínum um að semja saman lag um raunir Grindvíkinga og Sigurbjörn benti henni á að lagið væri til, hún þyrfti bara aðeins að eiga við textann.

Arney gerði það, var samt ekki nógu ánægð með textann og bauð Mikael Tamar að vera með, hann var heldur betur klár í slaginn og hér erum við í dag, með mjög fallett lag og grunar mig að margur Grindvíkingurinn eigi eftir að fella tár þegar hlustað verður,“ sagði Kristján Hrnannar.

Vignir Snær var á báðum áttum með að taka kirkjuorgelið upp í Grindavíkarkirkju.

„Ég hef eins og aðrir Íslendingar bara séð og heyrt fréttir af ástandinu í Grindavík og var í fyrstu frekar smeykur við að fara þangað. Sibbi var síðan búinn að sannfæra mig en fréttir síðustu daga fengu mig aftur til að efast og ekki batnaði ástandið þegar vinur minn spurði mig hvort ég væri genginn af göflunum, hvort ég ætlaði virkilega að leggja mig í slíka hættu! Sibbi náði aftur að róa mig og ég sá þegar ég kom inn í bæinn hversu mikið búið er að ýkja ástandið upp. Ég átti von á að sjá eintómar sprungur og aðrar hættur en allt var vel girt af, varnarveggirnir sem búið er að reisa veita mikla öryggisfinningu og ég fann um leið og ég keyrði inn fyrir bæjarmörkin að mér væri engin hættu búin. Andinn í Grindavíkarkirkju er líka frábær, eins og hljómburðurinn og er ég mjög spenntur að heyra útkomuna eftir upptökur dagsins. Ekki mun síðan skemma fyrir þegar þau Arney og Mikael Tamar ljá laginu raddir sínar,“ sagði Vignir Snær.



Vignir Snær Vigfússon og Kristján Hrnannar Pálsson í Grindavíkarkirkju. VF/Sigurbjörn



Vegleg ávísun var afhent í lok tónleikanna. VF/Óskar Friðriksson.

## Eyjamenn söfnuðu 12,5 milljónum á tónleikum fyrir Grindavík

Alls söfnuðust 12,5 milljónir króna fyrir Grindvíkinga á styrktartónleikm Eyjamanna, Heim á ný, sem haldnir voru í Höllinni í Vestmannaeyjum síðastliðið föstudagskvöld.

Nokkur hópur Eyjafólks stóð fyrir fjársöfnun til handa Grindvíkingum og höfðu mörg fyrirtæki í Eyjum lagt þeirri söfnun lið með fjárfraðlögum. Þá lagði Vestmannaeyjabær söfnunni til 5 milljónir. Söfnunin náði hámarki á styrktartónleikum. Tónleikarnir voru skemmtilegir, með fjölbreyttu sniði, úrvals tónlistarfólki þar sem eyjalöggin góðu voru í forgrunni.

Á tónleikum stígu á svið tónlistarfólk úr Eyjum og víðar að og rann

allur aðgangseyrir óskertur til Grindvíkinga. Alls söfnuðust 12,5 milljónir króna í söfnuninni og var fulltrúum Grindvíkinga afhent ávísun í lok tónleikanna. Fjöldi mynda frá tónleikum má sjá á vefnum Eyjar.net

Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, sagði söfnunina lýsa óendanlega miklum samhug og stuðningi við Grindvíkinga á þessum erfiðu tímum. „Þetta sama bæjarfélag gekk í gegnum mikla erfiðleika fyrir 50 árum, að sýna okkur þessa samkennd er ómetanlegt og við erum mjög þakklát fyrir þennan mikla stuðning,“ segir í frétt á grindavík.is.



## Alli á Bryggjunni með sögur á Sagnastund á Garðskaga

Sagnastund á Garðskaga verður haldin laugardaginn 11. maí 2024 klukkan 15:00. Sagnamaðurinn Aðalgeir Johansen, Alli á Bryggjunni í Grindavík, kemur til síðustu sagnastundar vorsins á Garðskaga.

Á lokadaginn er ágætt að fá hressilegar frásagnir um skemmtilegt fólk og atburði frá grónum Suðurnesjamanni. Gítarinn er með í för.

Öll velkomin á Garðskaga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið verður opið. Léttar veitingar í boði. Byggðasafnið er opið og þar hefur verið opnuð ný sýning, Hugur, heimili og handverk Suðurnesjamanna. Aðgangur að byggðasafninu er einnig ókeypis.

Áhugamenn um sagnastund á Garðskaga.

## Orð og ábyrgð

Sveitarfélög vítt og breitt um landið hafa undirritað samninga um svokallaða samræmda mótöku flóttafólks. Samningarnir eru gerðir við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, ásamt fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Vinnu- málstofnun. Sveitarfélög ákveða hversu mörgum flóttamönnum þau taka á móti samkvæmt samningnum en lengi vel voru það bara við hér í þessu ágæta bæjarfélagi sem vorum með samninga. Vegna mikillar neyðar í fjölda flóttafólks árið 2022 vorum við beðin um að taka við alls 350 einstaklingum sem við gerðum.

Samræmd móttaka flóttafólks er hugsuð fyrir þau sem fengið hafa alþjóðlega vernd á Íslandi og þurfa stuðning við að ná fótfestu hér á landi. Þessir einstaklingar hafa fengið íslenska kennitölu, þrá að fá að tilheyra samfélaginu okkar og verða þá að íbúum okkar.

Nú hefur verið í gangi starfs- hópur sem vinnur með þremur ráðuneytum (heilbrigðis-, mennta- og barnamálaráðuneyti auk félags- og vinnumarkaðsráðuneyti) að því að fá alla saman að borðinu til að gera enn betri samninga á milli ríkisins og sveitarfélaga.

Það er að mörgu að hyggja. Það þarf að þjónusta fólkið og við þurfum aukið fjármagn í grunnskólana, leikskólana og fleiri innviði eins og á velferðarsviði. Samningur sem Reykjanesbær samdi um í apríl síðastliðnum felur í sér 250 einstaklinga og gildir til loka júní á þessu ári sem hægt er að fram- lengja. Þessir 250 einstaklingar eru á sínu fyrsta, öðru og þriðja ári hér á landi. Síðasti samningur Reykjanesbæjar hljóðaði upp á 350 einstaklinga og áætluð var að fækka samingnum niður í 150 en því miður þá gekk það ekki eftir.

Fjöldinn um síðustu áramót var um 250 og því alveg ljóst að við þyrftum að semja um þann fjölda

við ráðuneytið til að fá fjármagn með þeim þar sem þessir einstaklingar eru nú þegar hjá okkur. Við erum ábyrg í fjármálum og við þurfum fjármagn með fólkinu sem við erum að þjónusta.

Það er ekki samt þannig að við séum að fá 250 einstaklinga á „einu bretti“ þegar bleikið er komið á samninginn en oft ríkir misskilningur í umræðunni í þessum málum. Með samningnum er þetta fjármagn tryggt til að þjónusta umrædda einstaklinga. Þess má geta að umsækjendur um alþjóðlega vernd sem eru á vegum Vinnu- málstofnunarinnar eru um 989 manns og hafa fækkað um 130 frá áramótum. Sá hópur er ekki á vegum Reykjanesbæjar.

Mér þykir miður að umræðan sé komin á þennan stað sem hún er á í dag en hún jaðrar við haturs- orðræðu gagnvart þessum hópi. Bæjarfulltrúi Umbótar fullyrðir að um 85% bæjarbúa sé að móti þessum hópi en ég hef ekki orðið var við þessa könnun. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks kalla eftir fækkun hælisleitenda. Staðan er þó þannig að skjólstaðingar sem eru komnir með alþjóðlega vernd hér á landi fara inn í samning um samræmdu móttöku flóttafólks. Þá eru þau ekki lengur hælisleitendur. Nú þegar erum við með þennan fjölda í sveitarfélaginu og ég trúir því varla að vilji bæjarfulltrúa Sjálfstæðis- flokksins sé að stoppa fjármagn sem fylgir samningnum, hver á þá að borga?

Sigurros Antonsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar og formaður velferðarráðs Reykjanesbæjar.

## Nýjung í innheimtu árgjalds FEBS

### Innheimta félagsgjalda og útgáfa félagsskírteinis FEBS 2024

Innheimta félagsgjalda fyrir starfsárið 2024 er hafin. Send hefur verin krafa í heimbanka kr. 3000. Gjaldlagi er 1. maí, eindagi 15. maí. Þegar félagsgjald hefur verið greitt birtist FEBS skírteinið með nafni og kennitölu undir „Þínir hópar“ í Spara appinu.

Útgáfa á félagsskírteini FEBS verður rafræn. Félagsmenn geta sótt „Spara app“ í símann.

### Gerðu þetta til að ná í SPARA appið!

Smelltu mynd með símanum af QR kóðanum sem birtist hér til hliðar fyrir neðan símamyndina. Þá ferðu sjálfkrafa inn á Spara appið. Eftir að félagsgjaldið hefur verið greitt í heimabanka birtist FEBS skírteinið innan fárra daga.





**Ungmenni vikunnar**

**Nafn:** Stefán Logi Guðmundsson  
**Aldur:** 13 ára  
**Bekkur og skóli:** 7. bekk - Stapaskóli  
**Áhugamál:** Fótbolti

**Vildi geta flogið**

Stefán Logi Guðmundsson er þrettán ára nemandi í Stapaskóla sem vildi geta flogið og er fyndinn. Stefán Logi er ungmenni vikunnar.

**Hvert er skemmtilegasta fagið?** Íþróttir

**Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?** Alexander Erik þar sem hann er rosa góður í fótbolta.

**Skemmtilegasta saga úr skólanum:** Ég er ekki viss

**Hver er fyndnastur í skólanum?** Daniel Orri

**Hvert er uppáhalds lagið þitt?** Feen – Travis Scott

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Spaghetí

**Hver er uppáhaldsblímyndin þín?** Avengers endgame

**Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna?** Síma, vatnsbrúsa og rúm.

**Hver er þinn helsti kostur?** Opinn manneskja.

**Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja?** Geta flogið.

**Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?** Góðan húmor

**Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?** Vinna sem rafvirki

**Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)?** Já, fótbolta.

**Ef þú ættir að lýsa sjálfum/sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það?** Fyndinn.

**FS-ingur vikunnar**

**Nafn:** Hjálmar Þór Sveinsson

**Ætlar að verða landsins besti pípari**

Hjálmar Þór Sveinsson er á níttjándra ári og kemur úr Garðinum. Hjálmar er á fjölgreinabraut í FS og hefur áhuga á fótbolta, spilakvöldum, pípulögnum, fara í útilegur og að betta! Framtíðarplön Hjálmars er að verða landsins besti pípari.

**Á hvaða braut ertu?** Ég er á fjölgreinabraut.

**Hver er helsti kosturinn við FS?** Félagslífið hundrað prósent.

**Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?** Jóhann Gauti Halldórsson, hann verður frægasta módel Íslands.

**Skemmtileg saga úr FS?** Þegar ég saug tásurnar á mínum manni Kristófer Mána.

**Hver er fyndnastur (fyndust) í skólanum?** Stjáni Birks allan daginn.

**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Betta, fótbolta, spila-kvöld, pípulagningar og útilegur

**Hvað hræðistu mest?** Örugglega Kim Jong Un.

**Hvert er uppáhaldslagið þitt?** Type shit.

**Hver er þinn helsti kostur?** Er ekkert eðlilega góður að elda.

**Hver er þinn helsti galli?** Er ómurlegur í að baka.

**Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum?** Betway, Facebook, instagram.

**Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?** Traust.

**Hver er stefnan fyrir framtíðina?** Að verða landsins besti pípari.

**Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það?** Garðbúi.

**Brunavarnir Suðurnesja Slökkviliðsstjóri**

Brunavarnir Suðurnesja (BS) sjá um slökkvilið og sjúkraflutninga á Suðurnesjum. Hjá BS starfa um 60 slökkviliðs- og sjúkraflutningafólk ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Starfsstöðvar BS eru staðsettar í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Sveitarfélaginu Vogum og Grindavíkurbæ.

Við leitum að framsýnum og lausnamiðuðum leiðtoga í starf slökkviliðsstjóra til þess að efla og leiða starfsfólk okkar áfram með ábyrgum hætti. Slökkviliðsstjóri er í forystu að stýra fólki til árangursríkra vinnubragða og þróa vinnustaðarmenningu með áherslu á framúrskarandi árangur. Lykilþættir í okkar starfi eru frumkvæði, ábyrgð og öryggi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Veitir forystu í daglegum rekstri og gætir jafnvægis milli fjárhagslegra og samfélagslegra sjónarmiða.
- Veitir fjölbreyttum hópi starfsfólks ábyrgð og umboð og virkjar frumkvæði þess.
- Tryggir að starfsfólk sé í stöðugri þjálfun og sækir sér fræðslu sem nýtist í starfi.
- Sér um samskipti og upplýsingagjöf til stjórnar.
- Er í forsvari fyrir Brunavarnir Suðurnesja, kemur fram fyrir hönd þeirra og viðheldur góðum samskiptum við sveitarstjórnir og aðra hagaðila.

**Helstu hæfniskröfur:**

- Slökkviliðsstjóri skal hafa hlotið löggildingu sem slökkviliðsmaður og starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum.
- Þekking á starfsumhverfi slökkviliðs og sjúkraflutninga og reynsla af störfum innan þess.
- Önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af því að stýra hópi til árangurs.
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð.
- Reynsla af starfi í kröfuhörðu umhverfi og hæfni til að taka erfiðar ákvarðanir undir álagi.
- Reynsla og þekking á öryggis-, heilsu- og jafnréttismálum á vinnustað.
- Framúrskarandi samskiptafærni, heilindi og jákvæðni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí nk.

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

Umsjón með starfinu hafa Hilmar Garðar Hjaltason ([hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)) og Margrét Stefánsdóttir ([margret@vinnvinn.is](mailto:margret@vinnvinn.is)).





## Er af hollenska skólanum og mun líklega spila öfugt við íslensku liðin

Hollendingurinn Guyon Philips stýrir knattspyrnuliði RB í ár en hann lék með Víðismönnum árið 2000 og hefur fest rætur á Suðurnesjum. Philips hefur starfað sem umboðsmaður knattspyrnumanna síðustu ár en lagði umboðsmennskuna á hilluna í fyrra og einbeitir sér nú að þjálfun.

### Kominn þangað sem hann stefndi

„Ég byrjaði aðeins að þjálfna hjá RB síðasta sumar og nú er ég hættur að vera umboðsmaður svo ég er kominn þangað sem ég stefndi. Ég ætlaði alltaf að snúa mér að þjálfun eftir knattspyrnuferilinn,“ segir Guyon sem óðlaðist UEFA-B þjálfararéttindi árið 2018 þegar hann lék í Hollandi.

„Eftir að ég hætti í Víði fann ég enga þjálfarastöðu en byrjaði aðeins að hjálpa Sigga [Sigurði Ragnari Eyjólfssyni] við þjálfun síðasta sumar, það var rétt áður en hann var rekinn svo það var stutt gaman. Síðan bauðst mér að hjálpa til hjá RB síðsumars og ég tók við þjálfun liðsins í ár. Þannig að ég er ánægður með hvernig málin hafa þróast hjá mér.“

### Hvað er planið með RB í sumar?

„Vinna alla,“ svarar Guyon umsvifalaust og skellir upp úr. „Augljóslega erum við ungt lið og það sem ég er að leggja áherslu á er að skipuleggja umgjörðina hjá félaginu, aðeins meiri aga hjá leikmönnum en mér fannst vanta upp á hann á síðasta ári. Svo þurfum við að undirbúa liðið fyrir það „level“ sem er í fjórðu deildinni. Við erum með ágætis blöndu af erlendum leikmönnum og íslenskum, þá ungun strákum héðan af svæðinu. Það eru margir strákar hérna sem lenda í millibilsástandi á milli annars flokks og meistaraflokks og við viljum gefa öllum tækifæri til að spila. Sumir eru tilbúnir að spila strax í sumar en aðrir þurfa kannski eitt ár í viðbót til að öðlast meiri reynslu og verða tilbúnir í liðið.“

Gyon spáir því að RB hafni í efri hluta deildarinnar í ár. „Mínar væntingar eru að liðið verði meðal fimm efstu í haust. Það halda margir að úr því að vorum taplausir í fyrra þá förum við farið strax upp úr þeirri fjórðu, það er ekki svo einfalt. Við erum núna í sterkari deild og fyrsta markmið verður að tryggja okkur í sessi, síðan verður stefnan sett á að fara upp. Auðvitað vill maður vinna alla leiki en þetta er ungt lið í sterkari deild og það er mikilvægt að kunna fótum sínum forráð og taka þetta skref fyrir skref.“

### Er með gott lið í höndunum

RB er með gott lið og enn eru leikmenn að bætast í hópinn að sögn Guyon. „Við erum með gott lið og spilum góðan fótbolta. Um helgina kom mjög góður leikmaður frá Póllandi til okkar og við erum að fá sóknarmann sem lék með Kára, þannig að í þessari viku er liðið að verða fullskipað. Ég held að ég hafi ekki náð að stilla upp okkar sterkasta liði ennþá en okkur gekk vel á undirbúningstímabilinu, við spiludum góða æfingaleiki við lið eins og Víði, KFK og KH en úrslitin í Lengjubikarnum voru svona upp og niður.“

Ég hef miklar væntingar fyrir sumarið því við erum með gott lið, ég hef sagt við strákana að þeir einu sem geta unnið okkur erum við sjálfir. Við þurfum að byggja upp seiglu og aga í liðinu, það er stærsta áskorunin fyrir liðið.“

Guyon segir að hann sé með góða fótboltamann í hópnum og hans fyrsta verk var að bæta leikskipulagið. „Það tók þá smá tíma til að skilja sín hlutverk en allt er að falla í réttar skorður núna og ég vona að það skili okkur hagstæðum úrslitum í sumar.“

Guyon er ánægður með breiddina í hópnum, hann sé t.a.m. með þrjá markverði, og breiddin skili heilbrigðri samkeppni um stöður í liðinu. „Við erum með leikmenn frá fjölmörgum löndum, ég veit ekki einu sinni hve mörgum. Því fylgja áskoranir því þetta eru einstaklingar með ólíkan bakgrunn og það sem virkar á einn getur farið illa í annan – en það sem við erum að reyna að gera hér er að skapa heilbriggt umhverfi fyrir leikmennina. Umhverfi þar sem leikmenn setja hæfilega pressu hver á annan í samkeppni um stöður og hjálpi þannig hver öðrum við að verða betri knattspyrnumenn, betra lið.“

### Hvernig fótbolta munum við sjá RB spila í sumar?

„Auðvitað með minn hollenska bakgrunn þá hef ég fengið tækifæri til að vinna með mörgum frábærum þjálfurum á meðan ég var leikmaður sjálfur. Ég vil spila boltanum, byggja upp leikkerfi og þú munt ekki sjá margar langar sendingar fram völlinn hjá okkur. Ég er af hollenska skólanum og mun líklega spila öfugt við íslensku liðin – ekki spila 4-3-3 heldur frekar 3-5-2 kerfi, láta boltann ganga, menn séu hreyfanlegir og byggja upp sóknir og að mönnum líði vel á boltanum. Það verður svo að meta stöðuna í hvert sinn, ef við þurfum að falla til baka eða pressa hátt þá gerum við það.“

### Munt þú hugsanlega reima á þig skóna í sumar?

„Nei, sá tími er liðinn. Skrokkurinn leyfir það ekki lengur. Ég spilaði síðasta korterið í leik um daginn og var sprunginn um leið – og hnén mót-mæltu þessu í einhverja daga á eftir,“ sagði Guyon og brosti að lokum.



Guyon í leik með Víði árið 2020.



## Er eiginlega búinn að vera á hliðarlínunni í átta ár

– segir Sigurbergur Bjarnason sem lagði skóna á hilluna í fyrra og þjálfar nú knattspyrnulið Hafna.

Sigurbergur Bjarnason lék með Höfnum á síðasta tímabili en eftir að hafa glímt við þrálát meidlsli síðustu ár, tvö krossbandaslit og þrjú rifna liðþófa, ákvað hann að leggja skóna á hilluna eftir síðasta tímabil þrátt fyrir ungan aldur. Hann hefur tekið við þjálfun knattspyrnuliðs Hafna sem leikur í fimmtu deild en þjálfaraá hugann erfir hann sennilega frá föður sínum, Bjarna Jóhannssyni, sem hefur stýrt fjölmörgum liðum á Íslandi áratugum saman og er enn að.

### Stefnan tekin á fjórðu deild

#### Hvernig stendur á því að þú ert tekinn við Höfnum?

„Ég hætti að spila eftir síðasta tímabil, þá með Höfnum, og þá spurði Beggi [Bergsveinn Andri Halldórsson] mig hvort ég væri ekki til í að þjálfna. Ég var alveg til í það enda eru spennandi tímar framundan hérna, margir strákar að æfa og það lítur út fyrir að þetta sé að verða alvöru þjálfaragigg hjá mér.“



#### Er þetta kannski einhver genagalli?

„Sennilega, alla vega hnémeiðslin,“ segir Sigurbergur og hlær. „Við systkinin höfum öll glímt við hnémeiðsli eins og pabbi. Ég sleit fyrst krossbönd sautján ára og er tuttugu og fimm núna. Ég er eiginlega búinn að vera á hliðarlínunni í að verða átta ár eftir tvö krossbandaslit og þrjú liðþófa. Þessi meidlsli komu mjög þétt á eftir hverju öðru, maður náði kannski að æfa í tvo mánuði eftir „recovery“ og þá slitnaði eitthvað annað.“

En í alvöru talað þá finnst mér þetta ótrúlega skemmtilegt og ég fæ sama kikk út úr því að vera að djöflast á hliðarlínunni eins og að vera að spila. Svo sprikla ég eitthvað smávegis með á mánudagsæfingum líka,“ segir Sigurbergur sem stefnir á þjálfaranám á næsta ári en núna er hann upptekinn við að ljúka meistaránámi.

#### Hver er stefnan í sumar?

„Stefnan er að fara upp í fjórðu deildina. Fyrsta markmið er að vinna okkar riðil, A-riðilinn, og síðan að taka úrslitakeppnina,“ segir Sigurbergur en fimmta deild er spiluð í tveimur riðlum og tvö efstu liðin fara upp úr hvorum riðli, þá taka við fjögurra liða úrslit og sigurveggar úr þeim mestast í úrslitaleik. „Þannig að undanúrslitaleikurinn er eiginlega úrslitaleikur um að komast upp um deild og úrslitaleikurinn um hverjir vinna titilinn.“

#### Stuðningur og stemning

Þótt Hafnamenn leiki í fimmtu deild segir Sigurbergur að allir í liðinu gefi sig í verkefnið og þeir geri sitt besta til að umgjörðin sé á svipuðum stalli og hjá annarrar og þriðju deilda liðum. „Eins og fyrir bikarleiki þá förum við og borðuðum saman á Saffran, mættum svo allir finir og vel til hafðir í leikina.“

Fyrir heimaleiki í sumar ætlum við að spila tónlist og þegar við löbbum inn á völlinn spilum við Villa Vill og Elly Vilhjálms, þau eru úr Höfnum, og þótt þetta sé fimmtu deildarlið þá ætlum við að setja þetta á þann standard að við séum svoltið framarlega.“



Fjór hjá stuðningsmönnum Hafna á leik RB og Hafna á síðasta tímabili.

#### Hafnir hafa nú verið með góðan hóp stuðningsmanna.

„Já, Hafnir Hooligans. Þeir eru alveg geggjáðir maður, snarruglaðir – en þetta eru algjörir snillingar. Við vonum svo bara að fleiri fari að mæta því það eru margir Suðurnesjamenn í hópnum og við ætlum að spila flottan fótbolta í sumar. Við erum örugglega það lið á Suðurnesjum sem er með flesta Suðurnesjamenn í hópnum,“ segir Sigurbergur.

Njarðvík og Hafnir gerðu með sér venslasamning á síðasta ári og Sigurbergur segir að ungrir Njarðvíkingar muni spreya sig meira með Höfnum þegar fram líða tímar. Hafnir lítur á sig sem félag þar sem ungrir leikmenn fá að spreya sig, nokkurs konar stökkpallur fyrir stráka sem eru til dæmis að ganga upp úr öðrum flokki hjá Keflavík eða Njarðvík og vantar smá leikreynslu. „Þegar við verðum komnir í fjórðu deild sé ég fyrir mér að fleiri eigi eftir að koma til okkar, þetta tekur bara tíma. Ég held að það séu margir strákar hérna sem eiga eftir að spila með Njarðvík eða Keflavík þegar þeir verða eldri,“ segir Sigurbergur. „Eins og umræðan er, og var sagt í einu hlaðvarpi, þá halda margir að þeir sem eru að spila í þessum neðri deildum séu bara tuttugu og tvær fyllibyttur en það er alls ekki þannig. Margir eru kannski með fjölskyldur og börn heima og hafa ekki tíma til að æfa fimm sinnum í viku og svo eru það þeir sem eru að vinna sig upp í sterkari lið, þetta er aldrei þannig að við séum að spila ljótan fótbolta eða eitthvað að flílast. Gæðin í öllum deildum á Íslandi hafa farið stighækkandi og ég held að þau eigi eftir að verða enn meiri,“ sagði Sigurbergur að lokum.



Úrslit leikja og íþróttafréttir birtast á [vf.is](http://vf.is)

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is





# Nafni UMFN breytt á 80 ára afmæli félagsins

Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur var haldinn þann 23. apríl síðastliðinn í hátíðarsal Njarðvíkurskóla. Mætingin var mjög góð í ár enda var 80 ára afmæli félagsins fagnað við sama tilefni og því boðið upp á dýrindis veitingar af því tilefni.

Á fundinum var lagt til að nafn UMFN yrði framvegis Ungmennafélagið Njarðvík í stað Ungmennafélags Njarðvíkur. Í daglegu tali er jafnan talað um Njarðvík þegar verið er að fjalla um félagið og nafnbreytingin því í takt við það. Fleiri ungmennafélög titla sig á sama eða svipaðan hátt og má nefna sem dæmi Keflavík - íþrótt- og ungmennafélag, Ungmennafélagið Fjölnir, Ungmennafélagið Snæfell, Ungmennafélagið Tindastóll, Ungmennafélagið Þróttur og fleiri félög.

Ólafur Eyjólfsson, formaður Ungmennafélagsins Njarðvíkur, segir að nafnbreytingin hafi fengið góðar viðtökur. „Þetta er hugmynd sem vaknaði hjá mér fyrir um þremur árum síðan en sveitarfélagið Njarðvík er náttúrulega ekki til lengur. Þá voru menn svolítið hræddir um að það yrði eitthvað mál að breyta nafninu, skammstöfunin UMFN heldur sér í nýja nafninu svo þegar upp var staðið var þetta ekkert vandamál.“

Ólafur var endurkjörinn formaður en hann tók við formennsku í félaginu á 70 ára afmælisári Njarðvíkur og er því að hefja sitt ellefta ár sem formaður. Ólafi var jafnframt veitt gullmerki UMFN á fundinum við mikinn fögnuð viðstaddra.

## Afmælisfagnaður og fleira framundan

„Það verður gert meira úr afmælinu þegar við fáum loksins nýja húsið afhent,“ segir hann jafnframt. „Þá munum við halda stóran afmælisfagnað og kynna fleiri breytingar. Merki félagsins mun fá smá andlitslyftingu og þá verður farið í að samræma útlit allra deilda, s.s. liti, leturgerðir og þess háttar.“

Þá var sú lagabreyting samþykkt á fundinum að framvegis geti aðalstjórn lagt niður deild innan félagsins ef ekki eru lengur forsendur fyrir rekstri viðkomandi deildar, starfsemi deildar kastar rýrd á félagið, stjórn deildar fer ekki að

lögum félagsins eða rekstur deildar stefnir hagsmunum félagsins í voða. Ákvörðun aðalstjórnar skuli staðfest á næsta aðalfundi eða aukaaðalfundi með samþykki 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna.

Stefán Thordersen sá um fundarstjórn og Þórdís Björg Ingólfssdóttirvoru ritaði fundinn.

Ólafur Eyjólfsson var endurkjörinn formaður til eins árs, Einara Lilja Kristjánsdóttir og Þórdís Björg Ingólfssdóttir sitja áfram í stjórn þar sem þær voru kjörnar til tveggja ára á síðasta aðalfundi, Thor Hallgrímsson og Erlingur Hannesson voru kjörnar til tveggja ára stjórnarsetu, Guðný Björg Karlsdóttir og Anna Andrésdóttir kjörnar varamenn til eins árs.

Á vef VÍKURFRÉTTA, vf.is, verður fjallað nánar um fundinn en fjöldi félaga voru heiðraðir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins á fundinum.



Ólafur Eyjólfsson var kampakátur eftir fundinn en hann var sæmdur gullmerki UMFN og þá var hann endurkjörinn formaður UMFN.

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

### Störf í leik- og grunnskólum

- Akurskóli** - Kennari eða sérkennari
- Akurskóli** - Tómstundafulltrúi
- Akurskóli** - Proskabjálfi
- Akurskóli** - Dönskukennari
- Akurskóli** - Starfskraftur á kaffistofu
- Akurskóli** - Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Drekadalur** - Deildarstjórar
- Drekadalur** - Sérkennslustjóri
- Leikskólinn Hjallatún** - Leikskólakennari
- Leikskólinn Holt** - Deildarstjóri
- Njarðvíkurskóli** - Deildarstjóri stoðþjónustu
- Njarðvíkurskóli** - Starfsfólk skóla
- Stapaskóli** - Starfsfólk skóla
- Stapaskóli leikskólastig** - Deildarstjóri
- Stapaskóli leikskólastig** - Kennari
- Tjarnarsel** - Leikskólakennarar

### Önnur störf

- Félagsmiðstöð Háaleitisskóla** - Umsjónarmaður
- Menningar- og þjónustusvið** - Markaðs- og kynningarfulltrúi, sumarstarf
- Velferðarsvið** - Dagdvalir aldraðra
- Velferðarsvið** - Starfsfólk á heimili fatlaðra barna
- Velferðarsvið** - Sumarstarf í íbúðarkjarna
- Velferðarsvið** - Teymsstjóri barnaverndarþjónustu
- Velferðarsvið** - Sumarstarf í íbúðarkjarna

### Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



## Þrjár fimleikastelpur úr Reykjanesbæ í öðru sæti á Norðurlandamóti unglunga í hóp fimleikum

Norðurlandamót unglunga í hóp fimleikum var haldið í Lundi í Svíþjóð í síðasta mánuði. Fjögur íslensk lið unnu sér inn keppnisrétt á móti, tvö kvennalið og tvö blönduð lið, sem samanstanda af bæði drengjum og stúlkum.

Annað af tveimur kvennaliðum mótsins var lið Gerplu frá Kópavogi en með því keppta þrjár ungar stúlkur úr Reykjanesbæ, þær Helen María, Írisi Björk og Margréti Júlía. Allar koma þær úr fimleikadeild Keflavíkur þar sem þær hafa stundað áhaldafimleika með góðum árangri frá barnaldri en ákváðu að breyta til og færðu sig yfir í hóp fimleika hjá Gerplu í byrjun árs 2023.

Gerplustelpurnar skiluðu sínum æfingum óaðfinnanlega og enduðu mótið í öðru sæti á eftir ABGS frá Svíþjóð.



Kvennalið Gerplu á Norðurlandamóti. Keflavíkurstelpurnar eru á innfelli myndinni til hliðar.

## SPENNAN MAGNAST

Palli Ketils kom heldur betur sterkur inn í lokasprett getraunleiksins og getur með góðri samvisku haldið fram að hann sé besti tipparinn því hann er á stalli eftir tvo glæsilega sigra og ætti samkvæmt öllu að hefja leik á næsta tímabili. Hins vegar er komið að undanúrslitunum og þar sem Palli sem eigandi Víkurfréttu, var aldrei að fara vera þar á meðal og mun ekki heldur hefja leik á næsta tímabili, hefur hann lokið leik og er hér með þökkun frá bær frammistaða. Palli var ánægður með gengi sitt í leiknum.

„Þetta var skemmtilegt en nú er komið að alvörnunni og ég hleypi fjórum efstu að,“ sagði Palli.

Loksins náði Íslendingur þrettán réttum og ekki nóg með það, þrjár tipparar urðu tæpum 1.300 þúsund krónum ríkari. Alls náðu 133 þrettán réttum og af tæplega

3.200 tippurum voru 71 frá Íslandi og fengu rúmar tíu þúsund krónur.

Nú færast harka í leikinn en komið er að undanúrslitum leiksins og þar munu fjórir efstu í vetur, leiða saman hesta sína. Grétar Ólafur Hjartarson á móti Magga Tóka og Gunnar Már Gunnarsson á móti Hámundi Erni Helgasyni. Sigurvegarnir mætast svo í hreinum úrslitaleik annan sunnudag og sigurvegarinn þar skellir sér með undirrituðum á úrslitaleik FA cup á milli Manchester-liðanna 25. maí.

Púlsinn var tekinn á undanúrslitakeppunum.

Grétar: „Ég er búinn að vera í stífum æfingabúðum síðan ég lauk leik. Auðvitað var ekki gott að vera í svo langri pásu, maður getur misst dampinn en á móti mæti ég vel úthvöldur. Ég stefni að sjálf-sögðu á að fara með þér helgarferð til London,“ sagði Grétar.

## 1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

Maggi Tóka: „Ég held að það muni hjálpa mér hversu stutt er síðan ég tryggði mig inn í undanúrslitin. Grétar er orðinn ískaldur eftir að hafa verið sjóðandi heitur fyrir í vetur, ég ætla mér að rúlla honum upp,“ sagði Maggi.

Gunnar Már: „Þetta fór nákvæmlega eins og ég vildi, þ.e. að mæta Hámundi í undanúrslitunum. Ég veit að ég mun vinna hann örugglega og þar sem ég þekki Grétar en Magga Tóka ekki neitt, vonast ég til að vinna Grétar í úrslitunum,“ sagði Gunnar Már.

Hámundur: „Ég mæti auðmjúkur til leiks, þakklátur fyrir að hafa náð alla leið í undanúrslitin í þessum flotta leik Víkurfréttu. Ég veit að ég er að mæta mjög öflugum tippara, Gunnar Már er kyngimagnaður og ef ég vinn hann mun ég opna kampavinsflöskuna,“ sagði Hámundur.

Grétar	Seðill helgarinnar	Maggi	Gunnar	Seðill helgarinnar	Hámundur
<input type="checkbox"/>	Nott.Forest - Chelsea	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Nott.Forest - Chelsea	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Newcastle - Brighton	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Newcastle - Brighton	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Tottenham - Burnley	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Tottenham - Burnley	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	West Ham - Luton	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	West Ham - Luton	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Wolves - Crystal Palace	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Wolves - Crystal Palace	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Bournemouth - Brentford	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Bournemouth - Brentford	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Everton - Sheff.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Everton - Sheff.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	GAIS - Västerås SK	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	GAIS - Västerås SK	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	MK Dons - Crawley	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	MK Dons - Crawley	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Napoli - Bologna	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Napoli - Bologna	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Villarreal - Sevilla	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Villarreal - Sevilla	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Mainz - Dortmund	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Mainz - Dortmund	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Molde - Rosenborg	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	Molde - Rosenborg	<input checked="" type="checkbox"/>



## VIÐHALD Á TÆKJUM OG BÚNAÐI

Spes Seafood óskar eftir starfsmanni til að sjá um viðhald á tækjum og búnaði í vinnslu félagsins að Strandgötu 16, Sandgerði.

Reynslu og/eða menntunar krafist.

Upplýsingar gefur Ólafur, netfang [oli@speshef.is](mailto:oli@speshef.is). Sími 892 5485 eða á staðnum.



# Hádegismóri er vaknaður

Nú er ljóst að tólf frambjóðendur munu bjóða sig fram til forseta Íslands. Allt ágætisfólk með margs konar hæfileika og mismunandi bakgrunn. Við fengum að kynnast þeim lítilliga í fyrsta umræðubætti kosningabaráttunnar síðastliðið föstudagskvöld. Einn frambjóðandinn vísaði til að ein forsenda framboðs hans væri að það væru of mikil leiðindi í hinni opinberu umræðu, því vildi hann meðal annars breyta. Ég er sammála honum, þó óvíst sé hvort ég muni kjósa viðkomandi.

Kosningarvélarnar hafa verið ræstar og velflestar virðast enn sem komið er halda sig innan sið-

ferðislegra marka. Kynna kosti síns frambjóðanda og hvers má vænta verði viðkomandi kosinn. En kosningamaskína hins ímyndaða valds virðist þó hafa valið að fara hina leiðina. Hádegismóri er vaknaður undir styrki stjórn sjálfupphafins siðfræðings, sem sér fátt bitastæðara í tilverunni en að niða sem flesta niður og sá fræjum efasemda um hvern þann frambjóðanda sem siðfræðingur hugnast ekki. Hann hefur valið leiðindin, þegar að fram getur farið lýðræðishátíð.

Það er því miður ekki Hádegismóri einn sem valið hefur leiðindanna. Það hafa einnig fjölmargir valið að gera á síðum sam-

skiptamiðlanna. Vogu einhver sér að lýsa yfir stuðningi við frambjóðanda sem ekki er að skapi þess sem les, finnst sumum fátt sjálfsagðara en að láta viðkomandi heyra það og grípa til „hárláasarans“. Stóru orðin ekki spóruð og viðkomandi úthúðað, bara vegna þess að viðkomandi lætur í ljós skoðun.

Kosningarrétturinn er einn mikilvægasti réttur okkar í lýðræðissamfélagi. Við getum valið hvort við deilum stuðningi við einstaka frambjóðendur eða hvort við höldum því fyrir okkur hvern við kjósum. Okkar skoðun, stuðningur eða atkvæði er þó ekki réttþærra eða betra en hvers annars sem

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

deilir ekki þeirri skoðun sem við viljum hafa. Við skulum virða hvað aðrir vilja gera. Leyfum þessari kosningabaráttu fara fram á forsendum virðingar fyrir skoðunum annarra. Verum besta útgáfan af okkur sjálfum. Látum Hádegismóra sofa.



Mundi



Erfitt líf að vera landeigandi og þurfa að greiða öll þessi fasteignagjöld.

## Af hverju seljast ekki allar lóðirnar í Ásahverfi?

Landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi hafa áhyggjur af óseldum lóðum í Ásahverfi í Reykjanesbæ. Stofnaðar hafa verið 128 lóðir en einvörðungu 89 lóðir hafa verið nýttar. Fyrir liggur deiliskipulag Ásahverfis, samþykkt í bæjarstjórn 20. nóvember 2006. Landeigendur hafa af þessu áhyggjur þar sem þeir þurfa að greiða fasteignagjöld af lóðunum og vilja skoða hvort hægt er að snúa vörn í sókn t.d. með breytingum á núgildandi deiliskipulagi. Hvað veldur því að lítil sem engin eftirspurn er eftir lóðum í hverfinu? Landeigendur báðu Alta um að rýna deiliskipulag Ásahverfis með það fyrir augum að leita mögulegra tækifæra til viðsnúnings.

Þetta kemur fram í nýjustu fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar sem þakkar framkomnar hugmyndir og telur að margar væru til bóta en fjölgun íbúða og nýjar húsagerðir í hverfinu séu ekki í samræmi við áherslur ráðsins sem grundvallast af afstöðu íbúa hverfisins.

## Grindvíkingum fækkar um 7,2%

Alls voru 3.454 einstaklingar með skráð lögheimili í Grindavík þann 1. maí síðastliðinn. Íbúum Grindavíkurbæjar fækkar um 266 frá 1. desember 2023, þegar þeir voru 3.720, eða um 7,2%.

Í Reykjanesbæ hefur fjölgað um 161 íbúa á tímabilinu og voru 23.452 um mánaðamótin. Fjölgunin er upp á 161 einstakling eða 0,7% frá 1. desember. Íbúar Suðurnesjabæjar eru 4.070. Fjölgunin er 34 eða 0,8% á tímabilinu. Í Sveitarfélaginu Vogum eru íbúar 1.623 og hefur fjölgað um 57 eða 3,6% frá 1. desember.

Heildaríbúafjöldi á Suðurnesjum var þann 1. maí 32.599 manns og hefur fækkað um fjórtán frá 1. desember. Það segir okkur að fækkunin í Grindavík er ekki að skila sér að fullu í önnur sveitarfélög á Suðurnesjum.



Jarðvitur á vegum verktaka Almannavarna hófu á mánudag að ýta upp nýjum innri varnar- og leiðigardi austan byggðarinnar í Grindavík sem er ætlað að taka á móti hrauni sem mögulega flæðir yfir varnargarða sem eru orðnir barmfullir. VF/Hilmar Bragi

## Fyrirtækjum sem vilja halda áfram starfsemi í Grindavík fækkar verulega

Um fjórðungur fyrirtækja í Grindavík hyggjast halda áfram fullum rekstri í bænum að því er fram kemur í nýlegri könnun á meðal fyrirtækja í Grindavík. Í könnun sem gerð var í febrúar

ætluðu rúmlega 40% fyrirtækja að halda áfram rekstri í bænum.

Fyrirtækjum sem telja sig geta verið með rekstur í Grindavík þrátt fyrir að náttúruhamförum sé ekki lokið fækkar nokkuð. Er nú innan við þriðjungur en var helmingur.

Svipaða sögu má segja um fjölda fyrirtækja sem svara því hvort halda megi áfram rekstri þrátt fyrir að íbúar séu ekki með búsetu í bænum. Það er núna 38,3% en var 58,5%, að því er fram kemur á heimasíðu Grindavíkur.

## TIL LEIGU VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTRÝMI KEILISBRAUT 771 - REYKJANESBÆR

Verslunar-, framleiðslu- og þjónustrými sem hentar undir margskonar starfsemi. Stærðir útleigurýma getur verið á bilinu frá 50 til 700 fermetrar. Góð staðsetning í hjarta Ásbrú. Töluverð uppbygging á sér stað á reitnum m.a. hótél, íbúðir, veitingarstaðir, skrifstofurými og fleira.

Frekari upplýsingar veitir Brynjar Guðlaugsson lögg. fasteignasali í síma 8965464 eða [brynjar@studlaberg.is](mailto:brynjar@studlaberg.is)



**STUÐLABERG**  
FASTEIGNASALA  
Hafnargata 20, Reykjanesbær // 420-4000

